

VERND, VELFERÐ OG VEIÐAR
VILLTRA FUGLA OG SPENDÝRA

III. VIÐAUKI

ATHUGASEMDIR VIÐ EINSTAKAR
GREINAR LAGA NR. 64/1994

Hér má finna athugasemdir við eða allra helstu efnislegu tillögur nefndar að breytingum á einstökum lagagreinum villidýralaganna. Farið er eftir kaflaskiptingu núgildandi laga, en lagt er til að uppbygging nýrra laga verði önnur og að meginkaflar þess fjalli um vernd, veiðar og velferð villtra dýra. **Yfirlitið er alls ekki tæmandi**, heldur verður að lesa þá kafla skýrslunnar sem vísað er í samhliða. Þá er í skýrslunni að finna margar tillögur sem ekki eru tilgreindar hér þar sem samhliða ákvæði er ekki að finna í gildandi lögum. „Óbreytt“ merkir hér að greinin geti efnislega haldið gildi sínu.

Lög nr. 64/1994	Athugasemdir eða tillögur að efnislegum breytingum eða viðbótum
<i>Ferill málsins á Alþingi. Frumvarp til laga.</i>	
<p>Tóku gildi 1. júlí 1994. <i>Breytt með</i> l. 144/1995 (tóku gildi 1. jan. 1996; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 59. gr.), l. 73/1996 (tóku gildi 19. júní 1996), l. 93/1996 (tóku gildi 1. jan. 1997), l. 140/1996 (tóku gildi 1. jan. 1997 nema 1. gr. sem tók gildi 30. des. 1996), l. 83/1997 (tóku gildi 6. júní 1997), l. 82/1998 (tóku gildi 1. okt. 1998), l. 121/1999 (tóku gildi 30. des. 1999), l. 131/1999 (tóku gildi 11. jan. 2000), l. 100/2000 (tóku gildi 6. júní 2000), l. 90/2002 (tóku gildi 1. jan. 2003), l. 164/2002 (tóku gildi 1. jan. 2003), l. 60/2003 (tóku gildi 15. okt. 2003), l. 94/2004 (tóku gildi 2. júlí 2004), l. 36/2005 (tóku gildi 25. maí 2005), l. 56/2008 (tóku gildi 10. júní 2008), l. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008), l. 123/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011), l. 63/2011 (tóku gildi 15. júní 2011 nema 2.–5. másl. 1. mgr. 1. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2012) og l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).</p>	
<p>Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við umhverfis- og auðlindaráðherra eða umhverfis- og auðlindaráðuneyti sem fer með lög þessi. Upplýsingar um málefnasvið ráðuneyta eru skv. forsetaúrskurði nr. 100 um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, 30. ágúst 2012</p>	
<p>I. kafli. Orðskýringar.</p>	
<p>1. gr. Í lögum þessum merkir:</p>	
<p><i>Vernd:</i> að veiðum eða öðrum aðgerðum, sem geta haft áhrif á viðkomu eða vanhöld dýra af tiltekinni tegund, sé hagað á þann hátt að henni sé ekki stefnt í útrýmingarhættu.</p>	<p>Vernd: <i>Varðveisla tegunda og stofna og líffræðilegrar fjölbreytni þeirra þannig að þau viðhaldist á náttúrulegum útbreiðslusvæðum sínum til langs tíma litið. Verndin felur í sér að veiðar eða aðrar aðgerðir, þar með talin skerðing á búsvæðum, lykilbúsvæðum eða lykilstöðum, sem haft geta áhrif á viðkomu eða vanhöld dýra af tiltekinni tegund eða stofni, sé hagað á þann hátt að þeim sé ekki stefnt í hættu (sjá 3.1)</i></p>
<p><i>Friðun:</i> bann við veiðum og öðrum aðgerðum sem geta aukið vanhöld eða dregið úr viðkomu dýra af tiltekinni tegund. Þegar rætt er um friðun tekur hún einnig til eggja og hreiðra þeirra fugla sem njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar.</p>	<p>Friðun: <i>Bann við veiðum og öðrum aðgerðum sem geta aukið vanhöld eða dregið úr viðkomu dýra af tiltekinni tegund eða stofni. Friðun tekur einnig til eggja og hreiðra þeirra fugla sem njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar, nema annað sé tekið fram, og eftir því sem við á til tilgreindra búsvæða, lykilbúsvæða eða lykilstaða viðkomandi tegundar (sjá 3.1)</i></p>

<i>Veidar:</i> að handsama eða drepa villt dýr. Þegar um er að ræða fuglaveiðar er einnig átt við eggjatöku.	<i>Veidar:</i> Að drepa villt dýr eða handsama það til að deyða. Þegar um er að ræða fuglaveiðar er einnig átt við eggjatöku (sjá 3.3)
<i>Villt dýr:</i> allir fuglar og spendýr, önnur en selir, hvalir, gæludýr og bústofn. Dýr, sem er handsamað og haft í haldi, telst villt dýr.	<i>Villt dýr:</i> Allir fuglar og spendýr, önnur en gæludýr og bústofn. Villingar teljast einnig til villtra dýra. Villt dýr, sem er handsamað og haft í haldi, telst áfram villt dýr (sjá 3.2)
<i>Stýring á stofnum villtra dýra:</i> aðgerðir af opinberri hálfu er miða að því að hafa áhrif á útbreiðslu eða stærð tiltekins stofns villtra dýra.	Óbreytt
<i>Tjón af völdum villtra dýra:</i> fjárhagslegt tjón sem einstaklingar, fyrirtæki eða aðrir verða fyrir, heilsufarslegt tjón fólks eða búfénaðar og tjón á náttúru landsins.	Til að réttlæta veiðar vegna tjóns er nauðsynlegt að hafin verði vinna við að skilgreina nánar tjón og leggja mat á það, ákveða hvaða aðilar eigi að meta tjónið og með hvaða hætti. Þessu þarf að vera lokið áður en gengið verður frá nýju lagafrumvarpi um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, svo að unnt sé að skilgreina nánar tjón og matsaðila í nýju lögunum (sjá 8.3 og 5. kafla)
<i>[Búsvæði:</i> svæði sem villt dýr nota sér til framfærslu og viðkomu, svo sem varplönd og fæðusvæði, eða sem farleið.] ¹⁾	<i>Búsvæði:</i> Svæði sem villt dýr nota sér til framfærslu og viðkomu, svo sem varplönd og fæðusvæði, eða til skjóls, sem farleið eða til að uppfylla aðrar þarfir sem hafa áhrif á lífslíkur eða viðkomu (sjá 3.1)
<i>Grenjatími:</i> tímabilið 1. maí til 31. júlí.	<i>Grenjatími:</i> Tímabilið frá 1. maí til 15. ágúst. Með tilliti til dýravelferðarsjónarmiða er lagt til að lengja skilgreindan grenjatíma þar sem yrðlingar halda sig oftast við greni foreldranna fram eftir ágústmánuði (sjá 3.2)
<i>Netlög:</i> hafsvæði 115 m út frá stórstraumsfjörumáli landareignar eða 115 m út frá bakka stöðuvatns sem landareign liggur að. Netlög fylgja einnig eyjum, hólum og skerjum í sjó og stöðuvötnum.	Óbreytt
<i>Landareign:</i> jörð eða annað landsvæði sem er háð beinum eignarrétti einstaklings eða lögaðila, þar með talið sveitarfélag eða ríki.	Óbreytt
<i>[Ágangssvæði:</i> nánar skilgreint svæði þar sem ágangur hreindýra er svipaður á öllu svæðinu.] ²⁾	Óbreytt
Bæta við skilgreiningu:	<i>Ábyrgðartegund:</i> Tegund sem Íslendingar bera sérstaka ábyrgð á vegna þess að um eða yfir fimmtungur stofnsins á Evrópu- eða heimsvísu heldur hér til að staðaldri eða hluta úr ári. Uppfæra skal með reglubundnu millibili og taka saman og lista yfir ábyrgðartegundir Íslands, sem stoð hefur í lögunum. Skal listinn vera opinber og aðgengilegur (sjá 3.2)
Bæta við skilgreiningu:	<i>Afréttur:</i> Landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarþeirra fyrir búfé (sjá 3.3, sbr. lög nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda þjóðlendna og afrétta og 3.3)
Bæta við skilgreiningu:	<i>Dýr á ábyrgð manna:</i> Gæludýr, húsdýr, öll framandi dýr og dýr sem lifa villt en hafa lífsviðurværi af athöfnum manna eða umhverfisbreytingum sem orðið hafa af mannavöldum (sjá 3.2.)

Bæta við skilgreiningu:	<u>Dýravernd villtra dýra:</u> Verndun villtra dýra gegn þjáningu af mannavöldum (sjá 3.2.)
Bæta við skilgreiningu:	<u>Dýravelferð villtra dýra:</u> Að villt dýr séu laus við óþægindi, hungur, þorsta, ótta, álag, sársauka, meiðsli og sjúkdóma af mannavöldum og að þau hafi möguleika á að tjá eðlilegt atferli (sjá 3.2)
Bæta við skilgreiningu:	<u>Eggjataka:</u> Þegar menn taka egg úr hreiðrum til átu eða söfnunar (sjá 3.3)
Bæta við skilgreiningu:	<u>Eignarland:</u> Landsvæði sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma (sjá 3.3, sbr. lög nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda þjóðlendna)
Bæta við skilgreiningu:	<u>Fartími fugla:</u> Sá tími að vori eða hausti þegar fuglar eru á leið milli varp- og vetrarheimkynna, að meðtöldum þeim tíma sem þeir dvelja á viðkomustöðum til að byggja upp forða (sjá 3.2)
Bæta við skilgreiningu:	<u>Framandi lífvera:</u> Tegund, undirtegund eða lægri flokkunareining (svo sem afbrigði, kyn eða stofn), þar með talið lífhlutar, kynfrumur, fræ, egg eða dreifingarform sem geta lifað af og fjölgað sér, sem menn hafa flutt (viljandi eða óviljandi) út fyrir sitt náttúrulega forna eða núverandi útbreiðslusvæði, óháð því hvenær það gerðist (sjá 3.2)
Bæta við skilgreiningu:	<u>Fuglabjarg:</u> Sjófuglabbyggð í sjávarhömrum. Einkum er átt við svartfugla og ritu en einnig varpstöðvar súlu, fýls og máfa. Nauðsynlegt er að tilgreina í reglugerð þá staði á landinu sem teljast til fuglabjarga skv. lögum með hnitum. Nauðsynlegt er að endurskoða slíkan lista reglulega (sjá 3.1)
Bæta við skilgreiningu:	<u>Fuglabbyggð:</u> Staður þar sem fuglar verpa þétt og oft margir saman. Á gjarnan við um ýmsa sjófugla. Hjá fálíðaðri tegundum, t.d. þórshana, getur fuglabbyggð einnig verið þar sem fáein pör verpa á sama stað (þórshanabyggð), sjá 3.1
Bæta við skilgreiningu:	<u>Fuglar í sárum:</u> Fuglar sem fellt hafa flugfjaðrir sínar og eru ófleygir meðan nýjar fjaðrir vaxa (sjá 3.2)
Bæta við skilgreiningu:	<u>Hefðbundin hlunnindi af villtum dýrum:</u> Hlunnindi af villtum dýrum sem nýtt voru á tiltekinni landareign fyrir gildistöku laga nr. 64/1994 og hafa verið nýtt síðan (sjá 3.3, 6.2 og 8.2)
Bæta við skilgreiningu:	<u>Hlunnindi:</u> Hvers konar auðlindir, nýtjar aðrar en grasnytjar, lífræn og ólífræn efni og efnasambönd, villt dýr, plöntur, annað lífríki og önnur nýtanleg réttindi sem fylgja jörð (sjá 3.3, 6.2 og 8.2)
Bæta við skilgreiningu:	<u>Hlunnindi af villtum dýrum:</u> Æðardúntekja, eggjatekja, lundaveiðar í háf á varptíma og kópaveiðar (sjá 3.3, 6.2 og 8.2)

Bæta við skilgreiningu:	Hreiður: Blettur þar sem fugl verpir eggjum sínum, m.a. á bera jörð, í skál í hvers kyns undirlag, holur og glufur, þar á meðal í mannvirkjum, eða misjafnlega vandaða körfu úr ýmsum efnum (sjá 3.2)
Bæta við skilgreiningu:	Hreiðurstæði: Varpstaðir fuglategunda (s.s. álfar, fálka, smyrils, hrafn og gulandar) er verpa á hefðbundnum stöðum sem geta verið nýttir kynslóð fram af kynslóð, jafnvel í hundruð ára (sjá 3.2)
Bæta við skilgreiningu:	Hreiðurstæði arna: Allir þeir staðir sem hafarnir hafa orpið á, sbr. 19. gr. núverandi laga (sjá 3.2.)
Bæta við skilgreiningu:	Líffræðileg fjölbreytni: Breytileiki meðal lífvera á öllum stigum lífríkis, þar með talin öll vistkerfi á landi, í sjó og ferskvatni og vistfræðileg tengsl þeirra. Hugtakið nær til fjölbreytni innan tegunda, milli tegunda og fjölbreytni vistkerfa (sjá 3.1)
Bæta við skilgreiningu:	Lífveiðar: Að handsama villt dýr án þess að deyða það, svo sem vegna aðhlyningar, í rannsóknarskyni, vegna merkingar eða fyrir dýragarða. Lagt til að greinarmunur verði gerður á hugtakinu „veiðar“ annars vegar og „lífveiðar“ hins vegar (sjá 3.3)
Bæta við skilgreiningu:	Lykilbúsvæði: Afmörkuð búsvæði sem geta verið breytileg í tíma og rúmi, og eru sérstaklega mikilvæg villtum dýrum, s.s. tiltekna leirur og votlendi. Búsvæði eru lykilbúsvæði ef a) finna má meiri þéttleika einstaklinga ákveðinnar tegundar eða stofns en gerist að jafnaði á öðrum búsvæðum eða ef b) líkamsástand, æxlunarárangur og/eða lífslíkur einstaklinga af tilteknum stofni tegundar, sem nýtir búsvæðið til varps og/eða viðhalds, er betri en þeirra einstaklinga af sama stofni sem nýta önnur búsvæði að jafnaði (sjá 3.1)
Bæta við skilgreiningu:	Lykilstaðir: Afmörkuð svæði, t.d. sumar leirur og votlendi, þar sem reglulega má finna >1% af skilgreindum stofni tegundar eða undirtegundar. Er í samræmi við skilgreiningar Ramsarsamningsins (sjá 3.1)
Bæta við skilgreiningu:	Refagreni: Hefðbundnir staðir, notaðir árum, áratugum eða öldum saman af refum til að gjóta og ala upp yrðlinga, og eru oftast nokkrir tugir eða hundruð fermetra að flatarmáli (sjá 3.2.)
Bæta við skilgreiningu:	Selalátur: Staðir þar sem selir kæpa og halda til með kópa sína. Nauðsynlegt er að tilgreina í reglugerð þá staði á landinu sem teljast til selaláttra skv. lögum. Þar skal setja fram hnitsettan lista yfir selalátur og skal sá listi endurskoðaður reglulega (sjá 3.1)
Bæta við skilgreiningu:	Sjálfbærar veiðar: Veiðar teljast sjálfbærar ef nýliðun stendur undir veiðum þannig að stofn nær að endurnýja sig reglulega og viðhalda þeirri stofnstærð og útbreiðslu sem náttúruleg takmörk setja (sjá 3.3)
Bæta við skilgreiningu:	Stofn: Hópur lífvera sömu tegundar sem finnst á tilteknum stað og tíma og eru líklegri til að æxlast innbyrðis en með einstaklingum úr öðrum hópum (sjá 3.1)

Bæta við skilgreiningu:	<u>Upprunaleg (innlend, náttúruleg) lífvera:</u> Tegund, undirtegund eða lægri flokkunareining (svo sem afbrigði, kyn eða stofn) innan náttúrulegs útbreiðslusvæðis, þ.e. sem hefur þróast þar eða komist þangað eftir náttúrulegum leiðum (sjá 3.2)
Bæta við skilgreiningu:	<u>Varptími fugla:</u> Tíminn frá því að fuglar búa sig undir varp með því að dvelja við varpstöðvar sínar, hefja tilhugalíf og huga að hreiðurgerð, þar til ungar verða fleygir og að öðru leyti sjálfbjarga (sjá 3.2)
Bæta við skilgreiningu:	<u>Veiðistjórnun:</u> Kerfi sem felur í sér og samþættir a) opinbera stefnumótun, b) rannsóknir tengdar veiðistofnum, c) mat á veiðipoli, d) veiðiráðgjöf, e) umsjón með og skipulagningu, stjórn og skráningu á veiðum, f) almenningsfræðslu og g) eftirlit (sjá 3.3)
Bæta við skilgreiningu:	<u>Villingur:</u> Allir fuglar og spendýr sem fæðst hafa í haldi eða eru afkomendur slíkra dýra og framfleyta sér og æxlást í villtri eða hálfvilltri náttúru með eða án aðkomu mannsins. Til villinga teljast einungis þau dýr sem enginn getur sannað eignarrétt sinn á (sjá 3.2). Dæmi um villinga eru minkur, kanína og villiköttur (sjá 3.2)
Bæta við skilgreiningu:	<u>Þjóðlenda:</u> Landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi (sjá 3.3, sbr. lög nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda þjóðlendna og afrétta)
¹⁾ L. 94/2004, 1. gr. ²⁾ L. 164/2002, 33. gr.	
II. kafli. Markmið og gildissvið.	
2. gr. Markmið laga þessara er að tryggja viðgang og náttúrulega fjölbreytni villtra dýrastofna, skipulag á veiðum og annarri nýtingu dýra, svo og aðgerðir til þess að koma í veg fyrir tjón sem villt dýr kunna að valda.	Markmið laganna verð að (a) Stuðla að því að náttúran fái að þróast eftir eigin lögmálum. (b) Tryggja vernd villtra dýrastofna, að öll villt dýr séu í grunninn friðuð og að litið sé á öll dýr sem skyni gæddar verur sem koma skuli fram við af virðingu og með velferð þeirra að leiðarljósi. (c) Tryggja að ekki sé gengið á búsvæði villtra dýra í þeim mæli að það ógni viðgangi og náttúrulegri fjölbreytni þeirra. (d) Tryggja að villt dýr njóti verndunar fyrir hvers konar umsvifum manna eða annarra lífvera á hans vegum sem ógnað gætu viðgangi og náttúrulegri fjölbreytni þeirra. (e) Tryggja að i) aflétting friðunar og leyfi til veiða byggji á haldbærum upplýsingum um stofnstærð, náttúruleg afföll og veiðipól viðkomandi stofns (sjá 6.2)
Ákvæði laga þessara taka hvorki til hvala né sela en um þær tegundir gilda sérstök lög.	Lögin skulu taka til allra villtra fugla og spendýra innan efnahagslögsögu Íslands, þar með talið sela, hvala og villinga
Lögin ná til efnahagslögsögu Íslands.	Óbreytt

III. kafli. Umsjón.	
3. gr. [Ráðherra] ¹⁾ hefur yfirumsjón með aðgerðum er varða vernd, friðun og veiðar á villtum dýrum.	Skilgreina þarf betur stefnumótandi hlutverk ráðuneytis er varðar málefni villtra dýra, þ.e. um hvaða þætti verði mótuð stefna og hvað slík stefnumótun feli í sér (sjá 5. kafla)
[Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands skulu vera [ráðherra] ¹⁾ til ráðgjafar og gera tillögur varðandi vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum eftir því sem tilefni er til.	Tryggja þarf greiða og formfasta leið upplýsinga og samráðs varðandi verndun, velferð og veiðar villtra dýra til og frá öllum þeim sem tengjast málefninu, þ.e. stjórnendum auðlinda (s.s. ráðuneyti, sveitarstjórnnum og landeigendum), vísindamönnum, hagsmunaaðilum og öðrum sem kunna að búa yfir þekkingu eða eru líklegir til að hafa bein áhrif á afdrif villtra stofna (sjá 5. kafla)
Umhverfisstofnun hefur umsjón með og stjórn á þeim aðgerðum af opinberri hálfu sem ætlað er að hafa áhrif á stofnstærð og útbreiðslu villtra dýra eða koma í veg fyrir tjón af þeirra völdum, sbr. VI. kafla. [Í þeim tilvikum sem ákveðið er að aflétta friðun skal Umhverfisstofnun gera tillögur til [ráðherra] ¹⁾ um stjórn og framkvæmd veiða á stofnum villtra fugla og spendýra, sbr. 7. gr., að höfðu samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands.] ²⁾	Umsjónarþætti (s.s. leiðbeiningar og rannsóknarþætti) varðandi tjón af völdum villtra dýra þarf að skilgreina mun nánar en nú er gert og aðlaga hlutverk stofnana eftir því (sjá 5. kafla). Áður en friðun tegundar er aflétt til að verjast tjóni ætti alltaf að meta og skilgreina tjón af hennar völdum og þarf að útlísta sérstaklega með hvað hætti það skal gert. Umhverfisstofnun ætti að hafa heimild til að aflétta friðun tímabundið vegna tjóns af völdum villtra dýra en að áður en gripið er til þess verði að sýna fram á sannanlegt tjón af völdum dýranna og að aðrar aðferðir, sem gripið hafi verið til, hafi ekki verið árangursríkar (sjá 8.2). Eftirfylgni með lögunum er ábótavant. Kveða þarf skýrt á um hver skuli hafa eftirlit með framkvæmd laganna, t.d. Umhverfisstofnun. Sjá 12. kafla. Sjá einnig athugasemdir við 1. mgr. 4.gr.
Um stefnumótandi mál um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum skal haft samráð við Bændasamtök Íslands, Samband Íslenskra sveitarfélaga, hreindýraráð að því er varðar hreindýr, Skotveiðifélag Íslands sem og áhuga- og hagsmunasamtök um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.	Sjá tillögur í 5. kafla um breytingar á hlutverki stofnana og breytt ráðgjafarhlutverk (fagráð o.fl.), sbr. athugasemdir við 1. málsg. 4. gr.
Umhverfisstofnun leiðbeinir þeim sem stunda veiðar og aðrar aðgerðir til þess að koma í veg fyrir tjón af völdum villtra dýra.] ³⁾	Óbreytt
¹⁾ L. 126/2011, 189. gr. ²⁾ L. 94/2004, 2. gr. ³⁾ L. 164/2002, 34. gr.	
4. gr. [[Náttúrufræðistofnun Íslands stundar rannsóknir á stofnum villtra fugla og spendýra, metur ástand þeirra og gerir í framhaldi tillögur til [ráðherra] ¹⁾ um vernd og hvort viðkomandi stofn þoli veiðar, sbr. lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur.] ²⁾	Endurskoða þarf hlutverk þeirra stofnana sem gegna rannsóknar-, ráðgjafar-, umsjónar- og fræðsluhlutverkum varðandi villt dýr, þannig að það nái yfir alla þá undirliggjandi umsjónarþætti sem tengjast skilvirkri vernd og veiðistjórnun á villtum dýrum (sjá 5. kafla)
Náttúrufræðistofnun Íslands hefur ein heimild til að láta merkja villta fugla á Íslandi og getur stofnunin veitt einstaklingum leyfi til merkinga samkvæmt reglum sem hún setur og samþykktar eru af [ráðherra]. ¹⁾ Reglur þessar skulu birtar í Stjórnartíðindum.	Reglur um fuglamerkingar hafa ekki verið settar

<p>Hverjum þeim sem finnur eða handsamar merktan fugl ber að senda merkið, hvort sem það er íslenskt eða útlent, til Náttúrufræðistofnunar Íslands ásamt nánari upplýsingum um fundinn.]³⁾</p>	<p>Óbreytt</p>
<p>¹⁾L. 126/2011, 189. gr. ²⁾L. 94/2004, 3. gr. ³⁾L. 164/2002, 35. gr.</p>	
<p>5. gr. [Ráðherra]¹⁾ skipar fulltrúaráð sem fram kemur fyrir Íslands hönd í Alþjóðafuglaverndarráðinu (Bird Life International) sem Ísland er aðili að. Í ráðinu skulu eiga sæti fulltrúar nefnda, samtaka og stofnana sem hafa fuglavernd á stefnuskrá sinni. Nánar skal kveðið á um skipan ráðsins og starfsreglur þess í reglugerð sem [ráðherra]¹⁾ setur.</p>	<p>Fella niður. Þessi lagagrein var úrelt við gildistöku laganna, þar sem Alþjóðafuglaverndarráðið hafði verið lagt niður. Á grunni þess var BirdLife International sett á laggirnar sem alþjóðlegt samband frjálsra félagsamtaka um fuglavernd. Fuglverndarfélag Íslands hefur um árabil verið aðili að BirdLife International og er ekki þörf á að kveða á um slíkt í lögum.</p>
<p>1)L. 126/2011, 189. gr.</p>	
<p>IV. kafli. Vernd, friðun¹⁾ og veiðar.</p>	
<p>1)Rg. 252/1996.</p>	
<p>6. gr. Villt dýr, þar með talin þau sem koma reglulega eða kunna að berast til landsins, eru friðuð nema annað sé tekið fram í lögum þessum. Um innflutning dýra gilda lög nr. 54/1990.</p>	<p>Lögin gera engan greinarmun á villtum dýrum sem koma hingað af eigin rammleik eða kunna að berast hingað með öðrum móti, t.d. með skipum eða öðrum flutningi. Á hverju ári slæðast hingað villt dýr og verður að telja að þau njóti öll friðunar skv. þessu ákvæði. Álitamál er hvernig túlka eigi ákvæði 5. mgr. 2. gr. laga um innflutning dýra nr. 54/1994 en þar segir að dýrum sem flutt eru inn án heimildar, skuli tafarlaust lógað og skrokkum eytt svo eigi stafi hætta af. Þvottabirni sem barst til landsins árið 1998 var lógað á grundvelli þessa ákvæðis. Sjá kafla 6.4 (framandi tegundir), 8.3 (hvítabirnir) og 12. kafla.</p>
<p>[Ávallt skal gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Við skipulag og landnotkun skal tekið tillit til villtra dýra og búsvæða þeirra, sbr. lög um náttúruvernd og [skipulagslög].¹⁾²⁾</p>	<p>Þetta ákvæði er mjög víðtækt en er ekki talið nægjanlega skýrt til að byggja á refsiaðbyrgð, sbr. dóm Hæstaréttar nr. 449/2002 (sjá 12. kafla). Meginstoðir lagalegrar búsvæðaverndar verði áfram í náttúruverndarlögunum, en nauðsynlegt er að skerpa á búsvæðavernd í villidýralögunum og útfæra lagaákvæði til að tryggja framkvæmd varðandi vernd búsvæða og lykilbúsvæða villtra dýra. Ef slíkt ákvæði eru ekki skýr í náttúruverndarlögum verður að finna þeim stað í villidýralögunum (sjá 6.1)</p>
<p>¹⁾L. 123/2010, 57. gr. ²⁾L. 94/2004, 4. gr.</p>	
<p>7. gr. Ákvörðun um að aflétta friðun samkvæmt lögum þessum skal byggjast á því að viðkoma stofns sé nægileg til þess að vega upp á móti afföllum vegna veiða og að með veiðum sé verið að nytja verðmæti í kjöti, skinnnum eða öðrum afurðum. Einnig er heimilt að taka tillit til þess hvort viðkomandi dýr valdi tjóni.</p>	<p>Þekking á einstökum stofnum er yfirleitt ábótavant og oft er erfitt að meta hvort veiðar teljist sjálfbærar (sjá 6.2). Nú eru heimilaðar veiðar úr sumum stofnum sem er að fækka og eru þær veiðar ekki í samræmi við 7. gr. Lagt er til að sett verði verndar- og nýtingarmarkmið fyrir einstaka stofna þannig að hægt verði að framfylgja ákvæðum um sjálfbæra nýtingu einstakra stofna með einhverju öryggi. Allar nýttjar, þar með talið hlunnindanyttjar, á villtum dýrum skulu vera sjálfbærar, falla undir 7. gr. og lúta veiðistjórnun. Slíkt er í samræmi við meginreglur umhverfisréttar og alþjóðlegrar skuldbindingar. Setja þarf skýr ákvæði í villidýralögin um þetta efni (sjá 6.2 og 8.3)</p>

<p>Í reglugerðum,¹⁾ sem settar eru samkvæmt tillögum [Umhverfisstofnunar],²⁾ skal kveðið á um vernd, friðun og veiðar einstakra tegunda villtra dýra. [Þar skal m.a. kveða á um hvaða tegundir eru alfriðaðar, hverjar er heimilt að veiða, hvar megi veiða þær, gerð og notkun vopna og annarra veiðitækja, veiðiaðferðir, lengd veiðitímabils, sérákvæði vegna hefðbundinna fuglanytja, hvað teljist til fágætra fugla, skylduskil á þeim, umgengni við hreiður þeirra og annað sem máli skiptir.]³⁾</p>	<p>Við endurskoðun laganna þarf að útfæra með ítarlegri hætti efni reglugerða í lagatexta, setja skýrari línur um efni þeirra og eins styrkja lagaheimildir til að fylgja eftir efni þeirra (12. kafli). Einnig þarf að gera ráð fyrir aðkomu fleiri aðila að undirbúningi reglugerða (sjá 5. kafli og athugasemdir við 1. málsgr. 4. gr.). Sem dæmi má nefna að leyfisbinda þarf vörslu á friðuðum fuglum, auðkenna og skrá þá sem nú eru í vörslu einstaklinga og annarra aðila (sjá 8.4)</p>
<p>[Þar sem talið er að villt dýr valdi tjóni einhvern tiltekinn tíma árs eða á svæðum þar sem viðkomandi tegundir eru friðaðar samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum byggðum á þeim getur [ráðherra]⁴⁾ að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands, eða hreindýraráðs að því er varðar hreindýr, veitt tímabundið leyfi til veiða í því skyni að koma í veg fyrir tjón. Í reglugerð skal kveðið á um hvaða tegundir skuli ávallt undanskildar þessu ákvæði. Erindi samkvæmt þessu ákvæði skal svara eigi síðar en viku eftir að það berst ráðuneytinu.]²⁾</p>	<p>Erindum sem beint er til ráðuneytisins um undanþágu til veiða á friðuðum tegundum (þar á meðal um gæsaveiðar að vori) skal svara eigi síðar en viku eftir að það berst ráðuneytinu (7. gr., 3 mgr.). Erfitt hefur reynst að standa við þennan frest og má hann teljast óraunhæfur í ljósi þess að lögum samkvæmt verður ráðuneytið að leita umsagnar fagstofnana sinna áður en erindið er afgreitt. Þá vantar iðulega upplýsingar til að hægt sé að taka rökstudda ákvörðun um slík mál (sjá 12. kafli)</p>
<p>[Ráðherra]⁴⁾ skal setja reglugerð um sölu, innflutning og útflutning villtra dýra og hluta þeirra, svo og egg. Þar skal einnig kveðið á um hamtöku og skinnatöku, uppsetningu dýra og starfsemi hamskera.</p>	<p>Reglugerð um sölu, innflutning og útflutning villtra dýra og hluta þeirra, svo og egg hefur ekki verið sett (sjá 12. kafli). Styrkja þarf ákvæði um starfsemi hamskera og fela Umhverfisstofnun eftirlit með starfssemi þeirra (sjá 8.4)</p>
<p>[Ráðherra]⁴⁾ getur að fenginni umsögn [Náttúrufræðistofnunar Íslands]²⁾ veitt undanþágur til veiða á villtum dýrum sem njóta friðunar eða verndar ef nota á þau við rannsóknir, fyrir söfn og dýragarða eða til ræktunar og undaneldis</p>	<p>Þetta ákvæði verði látið ná til allra villtra dýra, óháð því hvort þau séu friðuð eða ekki (sjá 7. kafli).</p>
<p>Náttúrufræðistofnun Íslands má án sérstakrar heimildar láta veiða allar tegundir fugla, þar á meðal friðaðar tegundir, og safna eggjum handa stofnuninni hvar sem er og án þess að endurgjald komi fyrir, enda sýni viðkomandi skilríki verði því við komið. Haft skal samráð við landeigendur fyrir fram og forðast óþarfa átroðning. ...²⁾</p>	<p>Lagt er til að þessi grein falli niður og að Náttúrufræðistofnun verði gert að sækja um undanþágur frá lögnum eins og öðrum rannsóknaraðilum (sjá 10. kafli)</p>
<p>[Ráðherra]⁴⁾ getur að fenginni tillögu [Náttúrufræðistofnunar Íslands]²⁾ ákveðið að beita sér fyrir útrýmingu stofns eða tegundar dýra sem flust hefur til Íslands af mannavöldum. [[Ráðherra]⁴⁾ er heimilt að fenginni tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands að aflétta tímabundið og á ákveðnum svæðum friðun á stofnum eða tegundum villtra dýra, sem flust hafa til Íslands af mannavöldum, til að halda stofnum niðri.]³⁾</p>	<p>Óbreytt</p>

<p>¹⁾Rg. 456/1994, sbr. 511/1994, 506/1998, 498/1999, 610/1999, 686/2002, 716/2003, 800/2005, 519/2006, 830/2006, 857/2007, 772/2009, 920/2011, 344/2012 og 811/2012. Rg. 437/1995, sbr. 207/1997. ²⁾L. 164/2002, 36. gr. ³⁾L. 94/2004, 5. gr. ⁴⁾L. 126/2011, 189. gr.</p>	
<p>8. gr. Öllum íslenskum ríkisborgurum, svo og erlendum ríkisborgurum með lögheimili hér á landi, eru dýraveiðar heimilár í almenningum, á afréttum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra, og í efnahagslögsögu Íslands utan netlaga landareigna. Skulu þeir hafa aflað sér leyfis til þess samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim.</p>	<p>Vegna breyttrar hugtakanotkunar í kjölfar setningar laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta þarf að uppfæra villidýralögin. Þar til ágreiningsmál um eignarlönd og þjóðlendur hafa verið útkljáð er nauðsynlegt að í villidýralögum sé bráðabirgðaákvæði sem nær til óafgreiddra landsvæða. Eðlilegt virðist að miða þar við orðalag gildandi laga. Þegar bráðabirgðaákvæðið fellur úr gildi mun sú regla að veiðar séu heimilár í þjóðlendum ein gilda. Nefndin telur að erlendir hreindýraveiðimenn, líkt og íslenskir hreindýraveiðimenn, ættu að hafa heimild til að veiða hreindýr utan eignarlanda. Þarf það að koma skýrt fram í endurskoðuðum lögum til að koma í veg fyrir misræmi í túlkun (sjá 8.1)</p>
<p>Landeigendum einum eru heimilár dýraveiðar og ráðstöfunarréttur þeirra á landareign sinni nema lög mæli öðruvísi fyrir.</p>	<p>Óbreytt</p>
<p>Eigi má skilja rétt til veiða að nokkru eða öllu leyti frá landareign fyrir fullt og allt. En leyfilegt skal að skilja rétt til veiða frá landareign um tiltekið tímabil er eigi má vera lengra en 10 ár í senn.</p>	<p>Óbreytt</p>
<p>Nú er landareign í sameign en er skipt eftir merkjum og afnota- eða eignarskiptingu og á þá hver sameigandi rétt til dýraveiða á og fyrir sínum landshluta eða afnotasvæði, nema samkomulag hafi orðið um aðra lögmæta skipan.</p>	<p>Óbreytt</p>
<p>Nú er landareign í óskiptri sameign og eru þá landeigendum öllum dýraveiðar jafnheimilár í þeirri landareign í réttu hlutfalli við afnotarétt lands nema samkomulag verði um aðra skipan.</p>	<p>Óbreytt</p>
<p>Þar sem stöðuvötn, firðir, vogar eða sund, sem ekki eru 230 m á breidd, skipta landareignum eiga landeigendur veiðarétt út að miðlínu, svo og í ám og lækjum. Í stöðuvötnum, sem eru breiðari en 230 m, eru landeigendum, sem land eiga að vatninu, einum heimilár veiðar í almenningi þess og eru þær þeim öllum jafnheimilár. Sé forn venja til þess að réttur til dýraveiða í almenningi stöðuvatns fylgi tiltekinni eða tilteknum landareignum skal sú venja gilda eftirleiðis.</p>	<p>Óbreytt</p>
<p>Erlendir ferðamenn, sem veiða hér á landi, skulu afla sér veiðikorta, sbr. 11. gr., og fullnægja að öðru leyti þeim kröfum sem gerðar eru til veiðimanna hér á landi.</p>	<p>Erlendum veiðimenn skulu auk þess vera í fylgd með íslenskum ábyrgðaraðila með skotvopnaleyfi og veiðikort í gildi á veiðislóð. Hlutverk hans að gæta þess að farið sé að íslenskrí löggjöf og verði hann ábyrgur fyrir skilum á veiðiskýrslu (sjá 8.1)</p>

<p>(Undanþága fyrir fatlaða veiðimenn - er ekki í núgildandi lögum)</p>	<p>Lagt er til að mögulegt verði að veita þeim veiðimönnum sem sannanlega eru varanlega bundnir við hjólastól, og eiga þess ekki kost að komast á veiðislóð án hjálpar vélknúinna farartækja, undanþágu þess efnis að þeim sé heimilt að skjóta frá vélknúnum ökutækjum. Um slíka undanþágu þyrfti að sækja sérstaklega í hverju tilfalli fyrir sig. Undanþágan verði veitt að því gefnu að farartækið sem um ræðir sé götuskráð, að vél farartækisins sé ekki í gangi meðan á veiðum stendur, að fatlaður veiðimaður framvísi vottorði þess efnis að hann sé sannanlega varanlega bundinn í hjólastól og að með sé í för aðstoðarmaður eða hundur sem sækir bráðina. Við veitingu undanþágunnar verði bent sérstaklega á ákvæði um utanvegaakstur í náttúruverndarlögum (sjá 8.1)</p>
<p>9. gr. Við veiðar má eingöngu nota skotvopn sem úr má skjóta fríhendis frá öxl með þeim undantekningum sem upp eru taldar í liðum 3, 4, 7 og 16 hér á eftir og nánar er kveðið á um í reglugerðum. Við fuglaveiðar er óheimilt að nota hagla+G9M1L17byssu með hlaupvídd stærri en nr. 12. Við veiðar er m.a. óheimilt að nota:</p>	<p>Hafa skal sem meginreglu að nota veiðiaðferðir sem valda dýrum sem minnstri þjáningu, truflun og álagi og uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar ákvæði núgildandi laga. Auk þess er lagt til að heimilud verði notkun hljóðdeyfa á veiðiriffa að fengnu leyfi lögreglustjóra og að bannað verði að nota loftför við veiðar (sjá 8.1). Allar veiðiaðferðir skulu uppfylla það markmið að þær taki mið af velferð og líffræði veiðitegundar m.t.t. sársauka og dauðastríðs með það fyrir augum að lágmarka þessa þætti eins og kostur er. Nefndin telur að í megindráttum eigi efnisþættir 9. gr. villidýralaganna heima í lögum, með minni háttar breytingum (sjá 8.3)</p>
<p>1. [Eitur eða svefnlyf, nema til músa- og rottuveiða.]¹⁾</p>	<p>Notkun eiturs eða svefnlyfja til músa- og rottuveiða skal áfram heimil að uppfylltum skilyrðum en nefndin telur að ekki eigi að vera hægt að veita undanþágur til notkunar eiturs gegn öðrum tegundum. Setja skal skýrar reglur um efnin (sjá 8.1 og 8.3)</p>
<p>2. Sprengiefni, bensín eða önnur efni til þess að svæla með gasi eða reyk.</p>	<p>Óbreytt</p>
<p>3. Steina, barefli, eggvopn, skutla, stunguvopn eða áþekka hluti. Þó má nota barefli við hefðbundnar veiðar á fýls-, súlu- og skarfsungum.</p>	<p>Heimildir verði felldar niður nema hugsanlega til að rota fýl (sjá 8.1 og 8.3)</p>
<p>4. Net, nema háf til lundaveiða, sbr. þó 5. mgr. [20. gr.]¹⁾ að því er varðar álku, langvíu og stuttnefju. Fugla, er drepast í netum sem lögð eru til fiskveiða eða kópaveiða, má hvorki bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf. Lifandi fugla skal greiða úr neti og sleppa.</p>	<p>Heimildir til háfaveiða verði felldar niður á öðrum tegundum en lunda (sjá 8.3)</p>
<p>5. Öngla eða önnur tól sem komið er fyrir í æti.</p>	<p>Óbreytt</p>
<p>6. Snörur og snörufleka.</p>	<p>Óbreytt</p>

<p>7. Fótþoga eða gildirur, nema til músaveiða, rottuveiða, minkaveiða og til að ná tófuyrðlingum við greni. Gerðir fótþoga og gildra skulu hafa hlotið samþykki [Umhverfisstofnunar].²⁾</p>	<p>Setja þarf viðmiðunarreglur um samþykkt nýrra tegunda af veiðigildrum og um notkun þeirra sem taka mið af mannúðar- og velferðar-sjónarmiðun, lengd dauðastríðs o.s.frv. Ekki ætti að gera minni kröfur en miðað er við í alþjóðlegum stöðlum. Fótþoga ætti að banna við minkaveiðar en áfram ætti að vera heimilt að ná tófuyrðlingum við greni með fótþoga en með ströngum skilyrðum sem binda eigi í lög. Aðeins ætti að heimila notkun drekkingargildra við minkaveiðar að uppfylltum ströngum skilyrðum er varða notkun og skráningar. Við rottu og músaveiðar ætti aðeins að vera heimilt að nota felligildirur (dauðagildirur). Bann ætti að vera við notkun lífgildra til músa- og rottuveiða nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Eign, notkun, varsla og sala gildra sem ekki hafa hlotið samþykki Umhverfisstofnunar skal vera óheimil. Heimilt ætti að vera að skrá gamlar gildirur sem safngripi. Óheimilt ætti að vera að flytja inn og þróa nýjar tegundir gildra nema í samráði við Umhverfisstofnun (sjá 8.3)</p>
<p>8. Rafbúnað sem getur drepit eða rotað.</p>	<p>Óbreytt</p>
<p>9. Segulbandstæki og aðra rafknúna hljóðgjafa.</p>	<p>Óbreytt</p>
<p>10. Ljós-gjafa, nema til refa- og minkaveiða.</p>	<p>Áfram verði heimilt að nota ljós-gjafa við refaveiðar að vetrarlagi, en að skýrt verði tekið fram að aðeins sé heimilt að nota fastan ljós-gjafa við æti og að bannað sé að nota ljós-gjafa sem festur er á skotvopn. Eins ætti áfram að vera óheimilt að leita að bráð með ljósbúnaði, hvort sem búnaðurinn er ljóskastari í hendi eða festur á vélknúit farartæki. Við minkaveiðar ætti að vera heimilt að nota vasaljós eða svipaðan ljós-gjafa við minkagreni þegar aðstæður krefjast þess (sjá 8.3)</p>
<p>11. Búnað til að lýsa upp skotmörk.</p>	<p>sjá aths. við 9. tölulið</p>
<p>12. Spegla eða annan búnað sem blindar.</p>	<p>Óbreytt</p>
<p>13. Búnað til þess að miða í myrkri með rafeindatækjum er stækka eða breyta ímyndinni.</p>	<p>Áfram ætti að verða óheimilt að nota búnað til þess að miða í myrkri með rafeindatækjum sem stækka eða breyta ímyndinni. Það ætti þó ekki að eiga við um upplýstan kross eða punkt í sjónauka sem auðveldi mönnum að miða og minnki þannig líkur á að særa dýr (sjá 8.3)</p>
<p>14. Sjálfvirk skotvopn, svo og handhlaðnar fjölskotabyssur og hálf-sjálfvirk skotvopn, með skothylkjahólfum sem taka fleiri en tvö skothylki.</p>	<p>Óbreytt</p>
<p>15. Lifandi dýr sem bandingja.</p>	<p>Óbreytt</p>
<p>16. Hunda til þess að hlaupa uppi bráð, nema við minkaveiðar.</p>	<p>Hunda ætti almennt ekki að vera heimilt að nota með það að markmiði að þeir hlaupi uppi og drepri minka. Fastráðnir minkaveiðimenn sem aðgang hafa að vel þjálfuðum hundum ættu að geta fengið sérstakt leyfi til að stunda slíkar veiðar, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum (sjá 8.3)</p>

<p>17. Vélknúin farartæki, nema báta á sjó til fuglaveiða enda gangi þeir ekki hraðar en níu sjómílur meðan á veiði stendur. Vélknúin farartæki á landi, [önnur en [vélsleða, fjórhjól og önnur torfærutæki],³⁾]⁴⁾ má nota til að flytja veiðimenn til og frá veiðilendum og þá eingöngu á vegum eða merktum vegaslóðum. Skotvopn skulu vera óhlaðin meðan á akstri stendur. Þau skulu einnig vera óhlaðin nær vélknúnu farartæki á landi en 250 m.</p>	<p>Nefna skal auk þess loftför og banna notkun þeirra við veiðar (sjá 8.3)</p>
<p>[Umhverfisstofnun getur veitt tímabundna undanþágu til að nota þær veiðiaðferðir sem taldar eru upp í 1. mgr. í vísindaskyni eða ef villt dýr valda umtalsverðu tjóni eða umtalsverðum ama og aðrar aðferðir eru ekki taldar henta.]¹⁾</p>	<p>Umhverfisstofnun skal vera heimilt að veita undanþágu vegna notkunar á veiðitækjum eða veiðiaðferðum sem annars er óheimilt að nota, en Náttúrufræðistofnun eða eftir aðstæðum aðrir aðilar eða fagrað ættu að veita umsögn um slík erindi. Ákvarðanir Umhverfisstofnunar í þessu sambandi ættu að vera kæránlegar til æðra stjórnvalds. Fella ætti úr lögum ákvæði um að „umtalsverður ami“ geti réttlætt undanþágu fyrir notkun veiðiaðferða sem annars eru óheimilar, þar sem afar erfitt er að skilgreina hvað umtalsverður ami felur í sér, auk þess sem ákvæðið brýtur í bága við Bernarsamninginn (sjá 8.3)</p>
<p>¹⁾L. 94/2004, 6. gr. ²⁾L. 164/2002, 37. gr. ³⁾L. 36/2005, 1. gr. ⁴⁾L. 60/2003, 1. gr.</p>	
<p>10. gr. [Veiðar skulu óheimilar á svæðum sem eru friðlýst vegna dýralífs. [Ráðherra]¹⁾ getur aflétt tímabundið eða rift þeirri friðun að fullu eða gagnvart tiltekinni tegund að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands.]²⁾</p>	<p>Taka þarf sérstaklega fram að veiðar séu bannaðar á friðlýstum svæðum og í þjóðgörðum þar sem slíkt er tekið fram í friðlýsingar-skilmálum eða sérlögum þegar slíkt á við (sjá kafla 8.1)</p>
<p>Veiðimanni er skylt að hirða bráð sína. Særi veiðimaður dýr ber honum að elta það strax uppi og aflífa ef þess er nokkur kostur. Ákvæði þetta gildir einnig þótt sært dýr fari inn á landareign sem veiðimaður hefur ekki leyfi til að veiða á og er þá bráð eign landeiganda nema annað sé tekið fram í lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.</p>	<p>Sjá einnig aths. við 10. málsg. 14. gr. um um skyldur hreindýraeftirlitsmanna að sjá til þess að sært dýr sé elt uppi og fellt (sbr. 8.2)</p>
<p>¹⁾L. 126/2011, 189. gr. ²⁾L. 164/2002, 38. gr.</p>	

<p>V. kafli. Veiðikort og hæfnispróf veiðimanna.</p>	
<p>11. gr. [Allir sem stunda veiðar á villtum dýrum, öðrum en rottum, músum og minkum, skulu afla sér veiðikorts gegn gjaldi, sbr. 3. mgr.]¹⁾ Veiðikort þarf ekki til eggjatöku. [Umhverfisstofnun]²⁾ annast útgáfu veiðikorta. Á veiðikorti skal getið nafns handhafa, gildistímabils og þeirra tegunda sem viðkomandi hefur heimild til að veiða. Korthafi skal ætíð bera kortið á sér á veiðum. Hann skal framvísa því ef óskað er. [Eigi síðar en 1. apríl ár hvert skal veiðikortshafi skrá og skila þar til gerðri skýrslu um undangengið veiðiár sem telst frá 1. janúar til 31. desember. Ef veiðiskýrslu frá fyrra veiðitímabili hefur ekki verið skilað er útgáfa nýs veiðikorts óheimil. Ef veiðiskýrsla berst eftir lögmæltan skiladag hækkar gjald fyrir útgáfu nýs veiðikorts í 5.000 kr.]³⁾⁴⁾</p>	<p>Ein meginregla laganna verði að bannað verði að veiða (þ.m.t. tína egg) eða aflífa villta fugla og villt spendýr án veiðikorts. Undantekningar verði heimilar, s.s. þegar dýralæknar og lögregla aflífa villt dýr og ef dýr er alvarlega sært. Fylgja skal þeirri meginreglu dýraverndarlaga að dýr skulu aflífuð með skjótum og sem sársaukaminnstum hætti. Eðlilegt er að menn sem stunda minkaveiði þurfi að hafa öðlast fræðslu um veiðar eins og aðrir veiðimenn og þurfi veiðikort til minkaveiða (sjá 8.1 og 8.3). Lagt er til að sækja þurfi sérstaklega um veiðikort með heimild til eggjatöku. Lagt til að sett verði aldurstakmark, þannig að þeir sem eru undir 16 ára aldri (sakhæfisaldri) geti ekki sótt um veiðikort. Við 16 ára aldur ætti veiðimönnum þannig að vera heimilt að sækja veiðikortanámskeið, þreyta próf og sækja um veiðikort. Til að fá veiðikort (t.d. vegna háfaveiða) þyrfti viðkomandi að hafa ábyrgðarmann til 20 ára aldurs sem tilgreindur væri á veiðikorti. Veiðikort sem gefið væri út til veiðimanna undir 20 ára aldri væri þó aldrei með leyfi til skotveiða, sbr. lög um skotvopn, sprengiefni og skotelda nr. 46/1977 (sjá 8.1)</p>
<p>Ábúendur hlunnindajarða og aðrir réttthafar hefðbundinna hlunninda skulu fá sérstök veiðikort, hlunnindakort, til staðfestu því að þeir hafi rétt til að nýta hlunnindi á jörðinni, eða á tilteknu svæði, og til að verjast tjóni af völdum villtra dýra á jörðinni eða svæðinu. Hlunnindakort gilda fyrir eiganda eða ábúanda og það fólk sem honum er nauðsynlegt að hafa með sér við nýtingu hlunnindanna og við varnaraðgerðir við ágangi tjónvalda.</p>	<p>Lagt til að aðeins verði gefið út eitt veiðikort í stað almenns veiðikorts, veiði- og hlunnindakorts og hlunnindakorts. Á kortinu verði tekið fram hvaða leyfi handhafinn hefði, s.s. leyfi til almennra skotveiða (fuglar, refir o.s.frv.), skotveiða með B-réttindi, veiða án skotvopna (gildru- og háfaveiðar), selveiða (sjá 9. kafla), eggjatöku, bogveiða o.fl. í samræmi við þær veiðiaðferðir sem viðkomandi hefur heimild til að beita. Í þeim tilfellum þar sem slíku veiðikorti væri ætlað að leysa af hólmi hlunnindakort og handhafa er nauðsynlegt að hafa með sér fólk til aðstoðar ætti að kveða sérstaklega á um það. Þær gerðir nytjaveiða sem flokkast hafa til hlunnindaveiða hingað til verði einungis heimilar umráðamönnum hlunnindajarða, þ.e. leyfi til slíkra veiða verði háð sögulegri nytjahefð á viðkomandi stað (sjá kafla 8.1). Skylt ætti að vera að skrá dúntekju á sama hátt og aðrar nytjar af villtum dýrum (sjá 8.2)</p>
<p>[[Gjald fyrir veiðikort skal vera 3.500 kr. fyrir hvert veiðiár.]³⁾ Gjaldið skal notað til rannsókna, vöktunar og stýringar á stofnum villtra dýra, auk þess að kosta útgáfu kortanna. Ráðherra úthlutar fé til rannsókna af tekjum af sölu veiðikorta að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar.]²⁾</p>	<p>Eðlilegt er að gjald fyrir veiðikort sé vísitölu eða sett ákvæði um endurskoðun á tveggja ára fresti. Mælt er með því að gjald fyrir veiðikort skiptist í tvo hluta, annar færi til umsýsluaðila veiðikorta en hinn til rannsókna. Þá er lagt til að í stað refsiggjalds á veiðikort ef veiðiskýrslu er skilað of seint verði veittur afsláttur ef veiðiskýrslu er skilað fyrir tilsettan tíma. Afsláttarverð ætti einnig að gilda fyrir nýliða sem fá kort í fyrsta skipti (sjá 8.1)</p>

<p>[Þeir sem stunda veiðar á villtum dýrum skulu hafa tekið próf um villt dýr og umhverfi þeirra og í hæfni til veiða. [Umhverfisstofnun]²⁾ heldur námskeið til undirbúnings hæfnisprófum. [Umhverfisstofnun]²⁾ er heimilt að innheimta gjald fyrir töku prófs um villt dýr og umhverfi þeirra og í hæfni til veiða og fyrir námskeið til undirbúnings prófunum. Gjöld skulu aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu. Ráðherra setur að fengnum tillögum [Umhverfisstofnunar]²⁾ gjaldskrá fyrir próf og námskeið til undirbúnings hæfnisprófum.]⁵⁾</p>	<p>Gera ætti kröfur um til allra skotveiðimanna varðandi lágmarksskotfimi sem yrði prófuð með veiðiskotprófi sem fæli m.a. í sér hittnemat, mat á fjarlægð auk annarra atriða tengdum skotfimi. Ekki ætti að gefa út veiðikort á nafni veiðimanns fyrr en hann hafi sýnt fram á ákveðna lágmarkshittni með fullnægjandi hætti. Nefndin leggur til að sækja þurfi sérstaklega um veiðikort með heimild til eggjatöku. Með kortinu yrði afhent fræðsluefni um eggjatöku sem innihéldi almennar upplýsingar um þær fuglategundir sem heimilt er að taka egg frá, lagalega stöðu þeirra og stofnstærð, kennslu í að þekkja þau egg sem heimilt er að taka og hvernig þroskastig þeirra er metið. Einnig ættu að vera leiðbeiningar um hvernig best er að standa að eggjatöku svo að hún hafi sem minnst áhrif á stofna og valdi sem minnstri truflun. Samkvæmt villidýralögunum er veiðimönnum í sjálfsveld sett hvort þeir sitja námskeið eða undirbúa sig sjálfir fyrir skriflega prófið, en leggur nefndin til að þessu verði breytt og verðandi veiðimönnum verði gert skylt að sitja veiðikortanámskeið. Í samræmi við nútíma stjórnsýsluhætti ætti að opna fyrir þann möguleika að aðrir aðilar haldi námskeið til undirbúnings veiðikortaprófi að uppfylltum ákveðnum skilyrðum(sjá 8.1)</p>
<p>(Ákvæði um veiðikortasjóð - vantar í nógildandi lög)</p>	<p>Kveða þarf á um Veiðikortasjóð í lögum, setja sjóðnum stofnskrá og skýrar úthlutunarreglur og stefnumótun. Afmarka þarf betur þau verkefni sem styrkt verða af sjóðnum og að skýra hvort sjóðnum sé ætlað að vera samkeppnissjóður um vísindarannsóknir eða hvort hlutverk hans eigi að vera þrengra. Til að styrkja Veiðikortasjóð enn frekar er lagt til að ríkissjóður tvöfaldi þá fjárhæð sem sjóðurinn hefur yfir að ráða á ári hverju með mótframlagi. Þannig væri unnt að styrkja fleiri rannsóknir og til fleiri ára í senn 3-5 ár (sjá 8.1)</p>
<p>¹⁾L. 94/2004, 7. gr. ²⁾L. 164/2002, 39. gr. ³⁾L. 56/2008, 1. gr. ⁴⁾Rg. 291/1995, sbr. 230/1996, 403/1996 og 50/2004. ⁵⁾L. 131/1999, 1. gr.</p>	
<p>VI. kafli. Sérákvæði um veiðar.</p>	
<p>12. gr. Refir.</p>	
<p>Óheimilt er að eyðileggja greni. Ekki má láta hunda hlaupa um á greni á grenjatímanum né hafa þar óþarfa umgang. Sveitarstjórnir skulu halda skrá yfir öll þekkt greni í sínu umdæmi ásamt lýsingu á þeim og skulu afrit af skránum varðveitt hjá [Umhverfisstofnun].¹⁾</p>	<p>Óbreytt</p>

<p>[Þar sem [ráðherra]²⁾ ákveður, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands, að nauðsynlegt sé að láta veiða refi til þess að koma í veg fyrir tjón af þeirra völdum, sbr. 7. gr., er sveitarstjórn skylt að ráða kunnáttumann til grenjavinnslu og skal hann hafa með sér aðstoðarmann.]¹⁾ Þar sem [Umhverfisstofnun]¹⁾ og sveitarstjórn þykir betur henta má skipuleggja refaveiðar að vetrarlagi í stað grenjavinnslu og fela þá skotmanni með sama hætti framkvæmdina. Eigi fleiri sveitarfélög sameiginlegt upprekstrarland skulu sveitarstjórnir fela stjórn viðkomandi upprekstrar- eða fjallskilafélags umsjón refaveiða samkvæmt þessari málsgrein.</p>	<p>Nefndin telur að 12. grein laganna um refi megi efnislega standa áfram en nauðsynlegt er að bæta heildarskipulag refaveiða á landsvísu. Þá er þörf fyrir að skilgreina og meta betur tjónið sem veiðunum er ætlað að koma í veg fyrir. Þar sem tófa er upprunalegt rándýr þarf að gera skýran greinarmun á náttúrulegum ferlum og raunverulegu tjóni (sjá umfjöllun í inngangi kafla 8.3). Einnig þarf að greina á hvaða hátt veiðarnar séu líklegastar til að minnka raunverulegt tjón og haga síðan fyrirkomulagi veiða eftir slíkri greiningu. Virkja verður mun betur ákvæðið sem segir að ráðherra ákveði hvar skuli veiða refi til að koma í veg fyrir tjón (sjá 8.3)</p>
<p>Á svæðum, þar sem friðun refa hefur verið aflétt, sbr. 7. gr., eru refaveiðar utan grenjatíma öllum heimilar sem til þess hafa leyfi samkvæmt lögum.</p>	<p>Óbreytt</p>
<p>[Ráðherra]²⁾ ákveður árlega viðmiðunartaxta launa til skotmanna og aðrar greiðslur fyrir unna refi sem veiddir eru skv. 2. og 3. mgr. [Viðkomandi sveitarstjórnir skulu árlega gefa skýrslur til [Umhverfisstofnunar]¹⁾ um refaveiðar og kostnað við þær, hver á sínu svæði, og endurgreiðir ríkissjóður þá hluta kostnaðar við veiðarnar m.a. með tilliti til fjárhagslegrar getu hlutaðeigandi sveitarfélaga eftir því sem nánar er ákveðið í fjárlögum.]³⁾ [Ráðherra]²⁾ getur í samráði við [Umhverfisstofnun]¹⁾ heimilað sveitarstjórnnum að ráða skotmenn til refaveiða á tilteknum svæðum til viðbótar þeim sem ákvörðuð hafa verið skv. 2. mgr. og falla þau þá ekki undir greiðsluskyldu ríkissjóðs.</p>	<p>Óbreytt</p>
<p>Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. mega bændur og æðarræktendur, eða aðilar á þeirra vegum, skjóta refi sem búfenaði eða æðarvarpi stafar hætta af. Skal viðkomandi tilkynna skotmönnum, sbr. 2. mgr., um slíka veiði svo fljótt sem auðið er.</p>	<p>Óbreytt</p>
<p>(Ákvæði um útburð fyrir refi)</p>	<p>Nauðsynlegt er að setja skýrar reglur um útburð fyrir refi að vetrarlagi. Þar komi m.a. fram hvers konar dýraleifar sé heimilt að leggja út og hvaða fjarlægð þurfi að vera milli útburðarstaða (skothúsa) til þess að útburðurinn sé líklegur til að bera árangur (sjá 8.3)</p>
<p>¹⁾L. 164/2002, 40. gr. ²⁾L. 126/2011, 189. gr. ³⁾L. 140/1996, 25. gr.</p>	
<p>13. gr. Minkar.</p>	
<p>[Minkar njóta ekki friðunar samkvæmt lögum þessum. Þó er [ráðherra]¹⁾ heimilt, að fenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, að friða minka í rannsóknarskyni á takmörkuðu svæði í skamman tíma.</p>	<p>Óbreytt</p>

<p>þar sem [ráðherra]¹⁾ ákveður, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands, að minkaveiðar séu nauðsynlegar til þess að koma í veg fyrir tjón af völdum minka er sveitarstjórn skylt að ráða kunnáttumann til minkaveiða.]²⁾</p>	<p>Til að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar telur nefndin að Íslendingum sé skylt að stunda skilvirkar minkaveiðar með það markmið að draga úr tjóni af völdum minka. Nauðsynlegt að veiðistjórnun og veiðar á mink verði gerðar mun markvissari með því að skipa sérfræðinganefnd til að forgangsraða veiðisvæðum, færa umsjón og kostun minkaveiða alfarið til ríkisins, fastráða veiðimenn í fullt starf á ársgrundvelli og hætta að greiða verðlaun fyrir einstök dýr. Því þarf m.a. að virkja betur það ákvæði laganna að ráðherra geti ákveðið hvar minkaveiðar séu nauðsynlegar til þess að koma í veg fyrir tjón. Tillögur komi frá sérfræðinganefnd í stað Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands en þær stofnanir eigi fulltrúa í sérfræðinganefndinni (sjá 8.3)</p>
<p>[Ráðherra]¹⁾ ákveður árlega viðmiðunartaxta launa og annarra greiðslna fyrir unna minka sem veiddir eru skv. 2. mgr. [Viðkomandi sveitarstjórnir skulu árlega gefa skýrslur til [Umhverfisstofnunar]²⁾ um minkaveiðar og kostnað við þær, hver á sínu svæði, og endurgreiðir ríkissjóður þá allt að helming kostnaðar við veiðarnar eftir því sem nánar er ákveðið í fjárlögum.]³⁾ [Ráðherra]¹⁾ setur reglugerð⁴⁾ um framkvæmd veiðanna og um tilhögun endurgreiðslna á hlut ríkissjóðs í kostnaði við þær.</p>	<p>Óbreytt</p>
<p>(Veiðikort og mannúðlega aðferðir við minkaveiðar)</p>	<p>Lögfesta þarf að nýju að þeir sem stunda veiðar á minkum skuli hafa tekið veiðipróf og aflað sér veiðikorts. Við aflifun á mink gilda sömu reglur og við aflifun á öðrum dýrum, þ.e. að hana skal framkvæma á sem skjótastan og sársauka-minnstan hátt (sjá 8.3 og aths. við 11.gr.)</p>
<p>¹⁾L. 126/2011, 189. gr. ²⁾L. 164/2002, 41. gr. ³⁾L. 144/1995, 57. gr. ⁴⁾Rg. 437/1995, sbr. 207/1997</p>	
<p>14. gr. [Hreindýr.</p>	
<p>[Ráðherra]¹⁾ getur heimilað veiðar úr hreindýrastofninum, enda telji Umhverfisstofnun að stofninn þoli veiði og að æskilegt sé að veiða úr honum.</p>	<p>Óbreytt</p>
<p>Ráðherra ákveður árlega fjölda þeirra dýra sem fella má, eftir aldri, kyni og veiðisvæðum, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar og birtir auglýsingu þar að lútandi í Lögbirtingablaði. Eignarréttur á landi þar sem hreindýr halda sig veitir ekki rétt til veiða á hreindýrum.</p>	<p>Óbreytt</p>

<p>Veiðar á hreindýrum eru heimilar öllum er til þess hafa leyfi samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim. Af hverju felldu hreindýri skal greiða til Umhverfisstofnunar sérstakt leyfisgjald sem ráðherra ákveður árlega að fengnum tillögum stofnunarinnar. Við ákvörðun gjaldsins skal taka mið af kostnaði við vöktun hreindýrastofnsins og eftirlit og stjórn hreindýraveiða. Gjaldið skal þó ekki vera hærra en sem nemur þeim kostnaði.</p>	<p>Árlegur veiðikvóti hefur takmörkuð áhrif á kostnað við stjórnsýslu, vöktun og eftirlit. Eðlilegra væri að þeir aðilar sem hafa umsjón með þessum þáttum geri árlega kostnaðar-áætlanir og að sú upphæð sem greidd er sé krónutala en ekki háð fjölda felldra dýra. Arð ætti að greiða af öllum seldum veiðileyfum. Óljóst er hvornig vaxtakekjur af hreindýraveiðileyfum eru nýttar, en nefndin leggur til að þessar tekjur verði nýttar til rannsókna á hreindýrastofninum eða eftirlits með hreindýraveiðum (sjá 8.2)</p>
<p>[Umhverfisstofnun annast sölu veiðileyfa og eftirlit með hreindýraveiðum.]²⁾ Umhverfisstofnun skiptir arði af sölu veiðileyfa og afurða felldra dýra að fengnum tillögum hreindýraráðs. Umhverfisstofnun gerir tillögu til ráðherra um árlegan veiðikvóta og skiptingu hans milli veiðisvæða að fengnum tillögum hreindýraráðs þar að lútandi.</p>	<p>Sjá breytingar á hlutverki Náttúrustofu Austurlands og Hreindýraráðs í 5. málsg. þessarar greinar. Umhverfisstofnun ætti að hafa heimild til að stjórna hreindýraveiðum með skilvirkari hætti, s.s. að ákveða fjölda veiðimanna á hverjum degi veiðitímabilsins o.s.frv. Með því er einnig unnt að forðast að margir veiðimenn verði á sama svæði í lok veiðitímabilsins (sjá 8.2)</p>
<p>[Ráðherra]¹⁾ skipar fjóra menn í hreindýraráð. Ráðherra skipar formann ráðsins án tilnefningar. Búnaðarsamband Austurlands og Búnaðarsamband Austur-Skaftafellssýslu tilnefna einn fulltrúa hvort og sveitarfélög á veiðisvæði hreindýra einn fulltrúa. Verði atkvæði jöfn á fundum ráðsins ræður atkvæði formanns. Hlutverk ráðsins er að vera Umhverfisstofnun og [ráðherra]¹⁾ til ráðgjafar um vernd, veiðar og nýtingu hreindýrastofnsins. Fulltrúum Náttúrustofu Austurlands og Náttúrufræðistofnunar Íslands er heimilt að sitja fundi hreindýraráðs og hafa þar málfrelsi og tillögurétt. Ráðið skal ár hvert gera tillögu til Umhverfisstofnunar um skilgreiningu ágangssvæða hreindýra, árlegan veiðikvóta og skiptingu hans milli veiðisvæða.</p>	<p>Lagt er til að hreindýraráð verði umsagnaraðili um þau mál er lúta að hreindýrum varðandi stefnumótandi mál, lög, reglugerðir og ákvörðun um veiðikvóta. Umhverfisstofnun og Náttúrustofa Austurlands skulu þannig vinna sameiginlega að veiðiráðgjöf sem hreindýraráð veitir umsögn um. Umsagnir hreindýraráðs skulu berast ráðherra sem fylgigögn. Þá telur nefndin eðlilegt að Félag hreindýraleiðsögumanna fái fulltrúa í hreindýraráði og að jafnvel mætti útvíkka ráðið enn frekar með fleiri hagsmunaaðilum (sjá 8.2)</p>
<p>...²⁾ Verði Umhverfisstofnun eða eftirlitsmenn á vegum stofnunarinnar varir við að brotið sé gegn ákvæðum laganna og reglugerðum um hreindýraveiðar er heimilt að svipta viðkomandi veiðileyfi og leita aðstoðar lögreglu ef með þarf.</p>	<p>Reynslan hefur sýnt að eftirlit með hreindýraveiðum þarf að auka, bæði á og utan veiðitíma og ætti eftirlitið að vera í höndum opinberra aðila. Verði eftirlitið í höndum annarra aðila en lögreglu er mikilvægt að eftirlitsaðila verði veittar auknar heimildir til að beita viðurlögum (sjá 8.2)</p>
<p>...²⁾</p>	
<p>Náttúrustofa Austurlands annast vöktun og rannsóknir á hreindýrastofninum samkvæmt samningi við Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands. Náttúrustofa Austurlands gerir Náttúrufræðistofnun Íslands grein fyrir niðurstöðu, sbr. lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Af hverju felldu dýri skal greiða sérstakt gjald til þess að standa undir vöktun stofnsins og ákveður ráðherra upphæð gjaldsins, sbr. 3. mgr.]³⁾</p>	<p>Við endurskoðun laganna verði Náttúrustofu Austurlands skuli falið vöktunar- og rannsóknarhlutverk og mat á veiðipoli (s.s. tillögur að veiðikvóta), t.d. með samningi við ráðuneyti eða viðeigandi stofnun. Þá ættu Umhverfisstofnun og Náttúrustofa Austurlands að vinna sameiginlega að veiðiráðgjöf og Umhverfisstofnun ætti að hafa umsjón með og stjórn á veiðum. Náttúrustofa Austurlands leggi því fram sínar tillögur að veiðipoli og kvóta til Umhverfisstofnunar í stað hreindýraráðs. Þá ætti einnig að fela Náttúrustofu Austurlands hlutverk umsagnar- og ráðgefandi aðila um hreindýr. Náttúrufræðistofnun Íslands ætti eftir sem áður að fá gögn varðandi rannsóknir og vöktun hreindýra til varðveislu (sjá 8.2)</p>

<p>[[Enginn má stunda hreindýraveiðar nema hann hafi til þess veiðileyfi og sé í fylgd með leiðsögumanni. Áður en veiðimaður fer til hreindýraveiða skal hann hafa staðist verklegt skotpróf á síðustu tólf mánuðum. Veiðimaður þarf að skila inn staðfestingu á að hann hafi lokið verklegu skotprófi fyrir 1. júlí ár hvert. Skili veiðimaður ekki inn staðfestingu skal veiðileyfi hans úthlutað að nýju. Umhverfisstofnun er heimilt að veita veiðimanni sem fær úthlutað leyfi til hreindýraveiða eftir 1. júlí frest til að skila inn staðfestingu á verklegu skotprófi.</p>	<p>Auk þess þarf að kveða á um í lögum að óheimilt sé að úthluta veiðimanni hreindýraveiðileyfi nema að öll tilskilin gögn sem krafist er (veiðikort og skotvopnaleyfi með B-réttindum) liggja fyrir og hafi verið skilað til Umhverfisstofnunar. Einnig að ekki verði heimilt að afhenda leyfi nema niðurstaða úr verklegu skotfimiþrófi hafi borist innan tilskilins tíma (sjá 8.2)</p>
<p>Enginn getur tekið að sér leiðsögn með hreindýraveiðum nema hann hafi til þess leyfi Umhverfisstofnunar. Leyfi skal veitt til allt að fjögurra ára í senn og miðast við tiltekin veiðisvæði. Til að geta hlotið leyfi sem leiðsögumaður þarf umsækjandi að uppfylla eftirfarandi skilyrði:</p>	<p>Óbreytt</p>
<p>1. Hafa skotvopnaleyfi (B-flokk) og veiðikort.</p>	<p>Óbreytt</p>
<p>2. Hafa staðfestingu á að hann hafi staðist verklegt skotpróf á síðustu tólf mánuðum.</p>	<p>Óbreytt</p>
<p>3. Hafa þekkingu og reynslu af veiðum, fláningu og meðferð afurða hreindýra.</p>	<p>Óbreytt</p>
<p>4. Hafa staðfestingu á þátttöku í námskeiðum Umhverfisstofnunar og að hann hafi lokið prófi í kjölfar þeirra með fullnægjandi árangri í:</p>	<p>Óbreytt</p>
<p>a. líffræði, sýklafræði, vistfræði og náttúruvernd með sérstöku tilliti til hreindýra,</p>	<p>Óbreytt</p>
<p>b. líffærafræði, þekkingu á helstu sjúkdómum og sníkjudýrum sem finnast á Íslandi og töku sýna,</p>	<p>Óbreytt</p>
<p>c. náttúruverndarlögum, lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, reglugerð um hreindýraveiðar og öðrum lögum sem máli skipta,</p>	<p>Óbreytt</p>
<p>d. leiðsögn,</p>	<p>Óbreytt</p>
<p>e. meðferð skotvopna,</p>	<p>Óbreytt</p>
<p>f. meðferð og notkun áttavita og GPS-staðsetningartækja,</p>	<p>Óbreytt</p>
<p>g. veiði villtra dýra og siðfræði og siðareglum veiðimanna,</p>	<p>Óbreytt</p>
<p>h. staðháttum á viðkomandi veiðisvæði.</p>	<p>Óbreytt</p>
<p>5. Hafa tvisvar á sama veiðitímabili leiðsagt með hreindýraveiðum undir handleiðslu starfandi leiðsögumanns sem valinn er af Umhverfisstofnun.</p>	<p>Óbreytt</p>
<p>6. Hafa sótt skyndihjálparnámskeið á síðustu tveimur árum.</p>	<p>Óbreytt</p>

<p>Umhverfisstofnun heldur námskeið skv. 4. tölul. 10. mgr. í samráði við hreindýraráð og skal Umhverfisstofnun m.a. meta þörf á að halda slík námskeið með tilliti til eðlilegrar nýliðunar í hópi leiðsögumanna. Umhverfisstofnun er heimilt að innheimta gjald fyrir námskeið á vegum hennar, próf í kjölfar námskeiða, verkleg skotpróf og fyrir útgáfu eða endurnýjun leyfa fyrir leiðsögumenn. Gjöld skulu aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu. Ráðherra setur að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar gjaldskrá fyrir námskeið á vegum hennar, próf í kjölfar námskeiða, verkleg skotpróf og fyrir útgáfu eða endurnýjun leyfa fyrir leiðsögumenn.</p>	<p>Óbreytt</p>
<p>Umhverfisstofnun heldur verkleg skotpróf fyrir hreindýraveiðimenn og leiðsögumenn. Umhverfisstofnun er heimilt að fela öðrum framkvæmd verklegra skotprófa, svo sem rekstraraðilum skotvalla.</p>	<p>Óbreytt</p>
<p>Til að fá endurnýjun leyfis sem leiðsögumaður þarf umsækjandi að uppfylla eftirfarandi skilyrði:</p>	<p>Óbreytt</p>
<p>1. Hafa skotvopnaleyfi (B-flokk) og veiðikort.</p>	<p>Óbreytt</p>
<p>2. Hafa staðfestingu á að hann hafi staðist verklegt skotpróf á síðustu tólf mánuðum.</p>	<p>Óbreytt</p>
<p>3. Hafa staðfestingu á þátttöku í endurmenntunarnámskeiði Umhverfisstofnunar.</p>	<p>Óbreytt</p>
<p>4. Hafa sótt skyndihjálparnámskeið á síðustu tveimur árum.</p>	<p>Óbreytt</p>
<p>Vilji leiðsögumaður bæta við sig veiðisvæðum hvort sem er við endurnýjun eða í öðrum tilvikum þarf hann að auki að standast próf í staðháttum á viðkomandi veiðisvæði.</p>	<p>Óbreytt</p>
<p>Hlutverk leiðsögumanna með hreindýraveiðum er að fylgja veiðimanni um veiðisvæði, hjálpa honum að þekkja þau dýr sem hann má veiða, sjá til þess að veiðimaður fari rétt að við veiðarnar, skrái þær upplýsingar á veiðiskýrslur sem krafist er og skili inn veiðiskýrslum rétt útfylltum. Leiðsögumaður á að sjá til þess að veiðar séu í samræmi við lög og reglur. Brjótí leiðsögumaður gegn lögum og reglugerðum getur Umhverfisstofnun veitt honum áminningu eða svipt hann leyfi séu sakir alvarlegar eða ítrekaðar. Hafi leiðsögumaður verið sviptur leyfi getur hann öðlast slíkt leyfi á ný þegar fjögur ár eru liðin frá sviptingu enda fullnægi hann þeim kröfum sem gerðar eru þegar um nýtt leyfi er að ræða, sbr. 10. mgr. Ráðherra er heimilt að kveða nánar á í reglugerð um hlutverk og skyldur leiðsögumanna með hreindýraveiðum að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar og hreindýraráðs.</p>	<p>Auk tilgreindra atriða í þessari grein ætti ætti eitt af hlutverkum leiðsögumanna að vera skylda þeirra að fella dýr sem hefur verið sært af völdum veiðimanna svo fljótt sem auðið er. Leiðsögumenn ættu einnig að hafa heimild til að fella særð hreindýr sem vart verður við á veiðislóð og ekki eru talin eiga sér lífs von að höfðu samráði við Umhverfisstofnun, lögreglu eða dýralækni. Setja þarf viðmið um hvenær dýr telst vera svo sært að heimilt sé að fella það í því skyni að koma í veg fyrir mistúlkun ákvæðisins (sjá 8.2)</p>

<p>Aðeins er heimilt að úthluta arði af hreindýraveiðum til þeirra sem heimila hreindýraveiðar á landi sínu allt veiðitímabilið. Eigandi eða ábúandi jarðar skal fyrir 1. júlí ár hvert tilkynna til Umhverfisstofnunar hvort hann heimili veiðar á landi sínu eður eigi. Eigandi eða ábúandi þarf þó ekki að tilkynna afstöðu sína árlega hafi hann gert það einu sinni og ekki orðið breyting á afstöðu hans. Umhverfisstofnun er heimilt að miða við afstöðu eiganda eða ábúanda frá fyrri veiðitímabilum hafi hann ekki tilkynnt um afstöðu sína fyrir 1. júlí.]⁴⁾</p>	<p>Óbreytt</p>
<p>Ráðherra setur að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar nánari reglur⁵⁾ um framkvæmdina, m.a. um skiptingu arðs af hreindýraveiðum.]²⁾</p>	<p>Óbreytt</p>
<p>¹⁾L. 126/2011, 189. gr. ²⁾L. 94/2004, 8. gr. ³⁾L. 164/2002, 42. gr. ⁴⁾L. 63/2011, 1. gr. ⁵⁾Rg. 486/2003, sbr. 636/2010. Rg. 487/2003. Rg. 424/2012.</p>	
<p>15. gr. Mýs og rottur.</p>	
<p>Rottur og húsamýs, svo og hagamýs í húsum inni, eru ekki friðaðar samkvæmt lögum þessum.</p>	<p>Óbreytt</p>
<p>[Heilbrigðisnefndir hafa umsjón með fækkun á músum og rottum eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð sem ráðherra setur.]¹⁾</p>	<p>Óbreytt</p>
<p>1)L. 94/2004, 9. gr.</p>	
<p>16. gr. Hvítabirnir.</p>	
<p>Hvítabirnir eru friðaðir samkvæmt lögum þessum á landi, hafís og á sundi, sbr. þó 3. mgr.</p>	<p>Óbreytt</p>
<p>[Gangi hvítabjörn á land þar sem fólki eða búfénaði er ekki talin stafa bráð hætta af er Umhverfisstofnun heimilt að láta fanga björninn og flytja hann á stað þar sem ekki stafar hætta af honum.]¹⁾</p>	<p>Setja þarf skýrari ákvæði í lög um viðbrögð og verkaskiptingu hlutaðeigandi stjórnvalda við komu hvítabjarna til landsins, hver beri ábyrgð og hver taki ákvarðanir (sjá 8.3)</p>
<p>Fella má hvítabjörn sem gengið hefur á land og fólki eða búfénaði er talin stafa hætta af.</p>	<p>Óbreytt</p>
<p>Hafi hvítabjörn verið felldur skv. 3. mgr. skal það tilkynnt [ráðherra]²⁾ án tafar og getur hann þá krafist þess að björninn verði afhentur Náttúrufræðistofnun Íslands til athugunar og ráðstöfunar, enda greiði ríkissjóður áfallinn kostnað.</p>	<p>Óbreytt</p>
<p>¹⁾L. 164/2002, 43. gr. ²⁾L. 126/2011, 189. gr.</p>	
<p>17. gr. Fuglar.</p>	

<p>[Ráðherra]¹⁾ getur í reglugerð,²⁾ að fengnum tillögum [Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands],³⁾ aflétt friðun eftirtalinna fuglategunda innan þeirra tímamarka er hér segir, sbr. 7. gr.:</p>	<p>Gert er ráð fyrir aðkomu fleiri aðila við ráðgjöf, sjá aths. við 4. málsgr. 3 gr. Nauðsynlegt er að villidýralögin endurspegli meginreglur alþjóðasamninga sem Íslendingar hafa fullgilt ásamt meginreglum sem snúa að dýravelferð og sjálfbærum nytjum. Þær breytingar varðandi fuglaveiði sem nefndin leggur til í umfjöllun um einstakar tegundir taka mið af þessu. Tímabundnar takmarkanir á veiði vegna bágrar stöðu einstaka stofna eru því ekki hluti af tillögum nefndarinnar, enda ætti ekki að skrifa slíkar breytingar inn í lög heldur setja í reglugerð eftir skoðun hverju sinni. Þá telur nefndin að í þeim tilvikum þar sem erfitt er að taka rökstudda afstöðu til veiða vegna skorts á upplýsingum skuli fuglastofnar njóta vafans sbr. meginreglur umhverfisréttar og viðmið um sjálfbærar nytjar (sjá 4. kafla og 6.2).</p>
<p>1. Allt árið: svartbakur, sílamáfur, silfurmafur, hrafn.</p>	<p>Ekki verður séð að nauðsynlegt sé að veiða svartbak, sílamáf, silfurmafur og hrafn árið um kring til að koma í veg fyrir tjón, sem oftast er stað- og tímabundið. Með hliðsjón af meginreglum um veiðar er lagt til að allar þessar fjórar tegundir verði friðaðir allt árið nema innan skilgreindra marka friðlýstra æðarvarpa á þeim tíma sem friðlýsing þeirra nær yfir. Þá skal vera heimilt að veita undanþágur til veiða á þessum tegundum á öðrum tímum til að verjast tjóni eða ef um öryggismál (t.d. við flugvelli) er að ræða. Einnig ætti að vera mögulegt að sækja um undanþágur til takmarkaðra og sjálfbærra veiða vegna fyrir fram skilgreindra nytja, að uppfylltum meginreglum um nytjaveiðar á fuglum (sjá 8.3)</p>
<p>2. Frá 20. ágúst til 31. mars: grágæs, heiðagæs.</p>	<p>Óbreytt</p>
<p>3. Frá 1. september til 31. mars: fýll, dílaskarfur, toppskarfur, súla, blesgæs, helsingi, stokkönd, urtönd, rauðhöfðaönd, duggönd, skúfönd, hávella, toppönd, hvítmafur, hettumáfur, rita, skúmur, kjói. Ætíð er heimilt að skjóta kjóa nærri æðarvarpi.</p>	<p>Lagt er til að veiðitími hvítmáfs, hettumáfs, ritu, skúms og kjóa falli niður, þar sem hvorki nytjar né meint tjón getur réttlætt veiðar. Vegna þeirrar meginreglu að veiðar skuli vera bannaðar verði veiðitími skarfa stytur þannig að heimilt verði að veiða skarfa frá 1. september til febrúarloka. Veiðitími annarra tegunda að vori verði stytur til 15. mars, sbr. núgildandi reglugerð. Heimilt verði að veiða kjóa innan skilgreindra marka friðlýstra æðarvarpa á þeim tíma sem friðlýsing æðarvarpa nær yfir. Eins verði heimilt að veita undanþágu til að veiða vegna vel skilgreinds tjóns eða almanna-agsmuna, líkt og lagt er til varðandi nokkrar aðrar máfategundir og hrafn (sjá 8.3)</p>
<p>4. Frá 1. september til 10. maí: álka, langvía, stuttnefja, teista, lundi.</p>	<p>Með hliðsjón af því að á vorin er varptími svartfugla hafinn í lok veiðitíma og veiðarnar því líklegar til að koma mest niður á fullorðnum varpfuglum, og þeim meginsjónarmiðum alþjóðasamþykktu og fuglatilskipunarinnar að ekki skuli veiða fugla þegar þeir snúa til baka úr vetrarheimkynnum, leggur nefndin til að almennur veiðitími svartfugla að vori verði stytur og að veiðum ljúki 15. mars (sjá 8.2)</p>
<p>5. Frá 15. október til 22. desember: rjúpa.</p>	<p>Óbreytt</p>

[Heimilt er að takmarka veiðar við ákveðna daga innan þeirra tímamarka sem fram koma í 1. mgr. og ákveðinn tíma sólarhrings.] ⁴⁾	Óbreytt
Nú hefur [ráðherra] ¹⁾ ákveðið að aflétta friðun skv. 1. mgr. og getur hann þá að ósk sveitarstjórnar ákveðið að friðun gildi áfram í tiltekinn tíma á ákveðnum svæðum þar sem umferð veiðimanna er talin óæskileg.	Auk þess þurfa að vera ákvæði sem heimilar að veiðar séu bannaðar á ákveðnum tegundum á ákveðnum svæðum að uppfylltum skilyrðum sem tilgreina skal í reglugerð. Skýrt þarf að vera hvernig slíkri heimild sé beitt og ferlið verður að vera fljótvirkt og skilvirkt til að það gegni sínu hlutverki (sjá 8.2 og aths. við 18. gr.)
Óheimilt er að þeyta flautur, fljúga flugvélum eða vera með annan hávaða að óþörfu í grennd við fuglabjörg. Enn fremur er óheimilt að hleypa af skoti á landi nær fuglabjörgum en 200 m og á sjó nær en 500 m. Aldrei má skjóta fugl í fuglabjörgum.	Víkka þarf mörk skotveiðibanns við fuglabjörg í 2 km frá fuglabjörgum og tryggja að bjargfuglar verði ekki fyrir styggð um varptímamann vegna yfirflugs. Mælst er til þess að öll helstu fuglabjörg landsins verði kortlögð og fram komi í reglugerð hvar þau er að finna (sjá einnig 3. kafla um skilgreiningar). Þetta gæti einnig átt við önnur viðkvæm fuglasvæði. Í framhaldinu skal setja reglur varðandi flug um slíka staði (sjá 6.7)
Óheimilt er að veiða fugla í sárum.	Óbreytt
¹⁾ L. 126/2011, 189. gr. ²⁾ Rg. 456/1994, sbr. 511/1994, 506/1998, 498/1999, 610/1999, 686/2002, 716/2003, 800/2005, 519/2006, 830/2006, 772/2009, 920/2011, 344/2012 og 811/2012. ³⁾ L. 164/2002, 44. gr. ⁴⁾ L. 36/2005, 2. gr.	
[17. gr. a. Bann við sölu á veiðifangi.	
[Ráðherra] ¹⁾ er heimilt með reglugerð, ²⁾ þegar friðun einstakra fuglategunda er aflétt í samræmi við ákvæði 17. gr., að banna sölu á þeim fuglum og afurðum þeirra, enda sé talið nauðsynlegt vegna ástands viðkomandi stofns að takmarka veiðar.	Lögð er til sú meginregla að nytjaveiðar verði fyrst og fremst heimilar sem frístundaveiði en ekki í atvinnuskyni. Sala á villibráð samræmist ekki þeirri áherslu og er því lagt til almennt bann við sölu á veiðiafurðum. Þó verðimöguleikar á undanþágum fyrir þær tegundir eða stofna sem taldir eru þola umtalsverðar veiðar. Nauðsynlegt er að löggin nái einnig yfir sölu friðaðra fuglategunda, t.d. uppstoppuð dýr eða hami friðaðra dýra. Jafnframt ætti að vera til opinber skrá yfir friðuð dýr sem eru í vörslu manna (sjá 8.2)
Óheimilt er að flytja út, bjóða til sölu eða selja fugla og afurðir fugla sem ráðherra hefur bannað sölu á skv. 1. mgr. Með sölu er átt við hvers konar afhendingu gegn endurgjaldi.	Óbreytt
Sölubann sem ráðherra ákveður skv. 1. mgr. nær ekki til innfluttra fugla og fuglaafurða þeirra tegunda sem bannið tekur til. Innflytjanda og seljanda ber að tryggja að innfluttar fuglategundir og afurðir þeirra séu þannig merktar að fram komi í hvaða landi þær eru upprunnar.] ³⁾	Óbreytt
¹⁾ L. 126/2011, 189. gr. ²⁾ Rg. 456/1994, sbr. 511/1994, 506/1998, 498/1999, 610/1999, 686/2002, 716/2003, 800/2005, 830/2006 og 772/2009. ³⁾ L. 36/2005, 3. gr.	

<p>[VII. kafli. Sérstæk friðun.]¹⁾</p>	
<p>1)L. 94/2004, 10. gr.</p>	
<p>[18. gr. Ráðherra er heimilt með reglugerð, að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög eftir því sem við á og að fenginni tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands, að kveða á um aukna vernd ákveðinna friðaðra stofna villtra fugla og spendýra ef brýn ástæða er til. Í reglugerðinni er heimilt að kveða á um að strangari reglur gildi um búsvæði þessara tegunda ef sýnt þykir að tegundunum stafi sérstök ógn af mannaferðum eða umferð eða séu sérstaklega viðkvæmar fyrir raski.</p>	<p>Setja verður skýrari og fyllri ákvæði um sérstaka friðun og skilgreina við hvað er átt sem og hvað telst vera sérstök ógn við villt dýr. Heimildir ráðherra til að bregðast við óskum sveitarstjórna um svæðis- og tímabundna friðun vegna óæskilegrar umferðar veiðimanna þarf einnig að útfæra betur (sjá kafla 6.8). Í því skyni að vernda sérstaklega mikilvæg svæði fyrir tegundir ætti ráðherra að hafa lagalega heimild til að banna veiðar á ákveðnum svæðum á tilteknum tegundum sem tilgreind væru sérstaklega í reglugerð. Þetta ákvæði ætti að vera opið í því skyni að veita möguleika á stýringu ef þörf krefur (sjá 8.1 og aths. við 3. málsg. 17. gr.)</p>
<p>Umhverfisstofnun getur að fenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands veitt undanþágu frá ákvæðum þessa kafla, svo sem vegna myndatöku og rannsókna, enda sé sótt um hana fyrir fram. Skilyrði skulu sett um umgang við hreiður við veitingu slíkrar undanþágu.]¹⁾</p>	<p>Þörf er á skýrari reglum varðandi umgengni við villt dýr við ljósmyndatöku og gerð náttúrulefsmýnda, hvort sem um fugla eða spendýr er að ræða. Mikilvægt er að stýra og takmarka eftir fremsta megni umferð ljós- og kvikmyndatökumanna í þeim tilfellum sem náttúran er viðkvæm fyrir slíku. Framkvæmd og eftirfylgni reglna ætti að vera í umsjón Umhverfisstofnunar, þar sem allar undanþágur fylgja sambærilegu ferli að undangenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands (sjá 6.6)</p>
<p>1)L. 94/2004, 10. gr.</p>	
<p>[19. gr. Ernir.</p>	
<p>Óheimilt er frá 15. mars til 15. ágúst að koma nær arnarhreiðrum en 500 m nema brýna nauðsyn beri til, svo sem vegna lögmætra nytja sem ekki er hægt að stunda á öðrum árstíma, enda sýni menn ýtrustu varfærni og forðist að trufla fuglana. Þessi takmörkun á umferð gildir bæði þar sem ernir eru að búa sig undir varp og við þau hreiður sem orpið hefur verið í og eru með eggjum eða ungum.</p>	<p>Óbreytt</p>
<p>Óheimilt er að hrófla við hreiðrum og hreiðurstæðum arna og svæði sem takmarkast af 100 m hringmáli umhverfis, hvort sem er á varptíma eða utan hans. Einnig er óheimilt að koma fyrir hvers kyns búnaði í þeim tilgangi að fæla fugla frá hreiðurstæðum eða reyna að hindra þá í að verpa þar. Með hreiðurstæðum samkvæmt þessari grein er átt við alla þá staði sem ernir hafa orpið á. Heimilt er þó að stugga við örnum sem halda til eða sjást í friðlýstum æðarvörpum, svo fremi sem fuglunum sjálfum, hreiðrum þeirra, eggjum og ungum er ekki hætta búin. Þó er óheimilt að stugga við hreiðurörnum innan 2 km frá varpstað. Ráðherra setur reglugerð um þær aðferðir sem heimilt er að nota til að stugga við örnum í friðlýstum æðarvörpum.</p>	<p>Laga þarf orðalag, hringmál verði radíus. Reglur um aðferðir til að stugga við örnum í grennd við arnarhreiður hafa ekki verið settar. Ákvæði reglugerðar nr. 252/1996 eru taldar fullnægjandi. Huga ætti að sérstakri vernd varpstaða sjaldgæfra fuglategunda (t.d. fálka og gulandar) sem nota hefðbundna varpstaði líkt og ernir, kynslóð fram af kynslóð (sjá 6.8.)</p>

<p>[Ráðherra]¹⁾ getur veitt undanþágu frá banni skv. 1. og 2. mgr. í sérstökum tilvikum, svo sem vegna lagningar þjóðvega eða annarrar mannvirkjagerðar í almannapágu, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þá er Umhverfisstofnun heimilt, að fenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, að veita undanþágu frá ákvæðum 1. mgr., svo sem vegna myndatöku og rannsókna, enda sé sótt um hana fyrir fram. Skilyrði skulu sett um umgang við hreiður við veitingu slíkrar undanþágu.</p>	<p>Lagfæra þarf og skýra betur ákvæði um verndun arnarvarpstaða og setja nánari leiðbeiningar um hvenær megi veita undanþágu frá röskunarbanni (sjá 6.8)</p>
<p>Náttúrufræðistofnun Íslands skal halda skrá yfir hreiðurstæði arna og láta Umhverfisstofnun í té. Fara skal með allar upplýsingar úr skránni sem trúnaðarmál í samræmi við reglur sem [ráðherra]¹⁾ setur um meðferð upplýsinga úr skránni. Heimilt er þó að veita landeiganda upplýsingar um arnarhreiður á landareign hans og öðrum sem er nauðsynlegt að fá slíkar upplýsingar, t.d. vegna mannvirkjagerðar í almannapágu.]²⁾</p>	<p>Óbreytt, ath. reglur um miðlun upplýsinga úr trúnaðarskrá hafa ekki verið settar (sjá 8.3 og 12. kafla)</p>
<p>¹⁾L. 126/2011, 189. gr. ²⁾L. 94/2004, 10. gr.</p>	
<p>[VIII. kafli.]¹⁾ Nýting hlunninda.</p>	
<p>1)L. 94/2004, 10. gr.</p>	
<p>[20. gr.]¹⁾ Frá 15. apríl til 14. júlí ár hvert eru öll skot bönnuð nær friðlýstu æðarvarpi en 2 km nema brýna nauðsyn beri til. [Frá 1. apríl til 14. júlí ár hvert]²⁾ má eigi án leyfis varpeiganda leggja net í sjó nær friðlýstu æðarvarpi en 250 m frá stórstraumsfjörumáli.</p>	<p>Þegar tveggja kílómetra skotbannssvæði í kringum æðarvörp skarast við eignarlönd annarra ætti að vera fyrir hendi möguleiki á að endurskoða og þrengja þau mörk (sjá 8.1)</p>
<p>[Ráðherra]³⁾ setur reglugerð⁴⁾ um hvernig staðið skuli að skilgreiningu og friðlýsingu æðarvarps samkvæmt lögum þessum.</p>	<p>Ráðherra setur reglugerð um hvernig staðið skuli að skilgreiningu og friðlýsingu æðarvarps samkvæmt villidýralögum (20. gr., 2. mgr.). Samkvæmt reglugerð um friðlýsingu æðarvarps o.fl. nr. 292/1996 skal sýslumaður annast friðlýsingu og halda skrá um friðlýst æðarvörp. Umrædd skrá á að liggja frammi á skrifstofu sýslumanns og skal senda hana, ásamt síðari breytingum, til viðkomandi sveitastjórnar, embættis veiðistjóra (nú Umhverfisstofnun) og hlunnindaráðunautar Bændasamtaka Íslands. Skv. upplýsingum Umhverfisstofnunar og Bændasamtakanna hafa umrædd gögn einungis borist frá fáum sýslumönnum. Því er ekkert aðgengilegt yfirlit til um friðlýst æðarvörp á landinu öllu, hvorki nöfn þeirra eða mörk. Úr þessu þarf að bæta við endurskoðun laganna og tryggja að þessar upplýsingar séu bæði aðgengilegar og uppfærðar reglulega (sjá 6.8)</p>

<p>(Almenn ákvæði um eggjatöku)</p>	<p>Eggjataka skal áfram leyfð hjá 21-22 af þeim 30 tegundum sem nú leyft er að safna eggjum hjá nú, en að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Heimilt verði að taka egg undan kríu, silfur máfi, hettumáfi, fýl, ritu, álku, langvíu, stuttnefju, æðarfugli, stokkönd, rauðhöfðaönd, urtönd, duggönd, skúfönd, hávellu, húsönd, toppönd, grágæs, heiðagæs, svartbak, sílamáfi og mögulega hvít máfi. Forsendur eggjatöku hjá fyrrgreindum tegundum eru m.a. að eggjatakan sé sjálfbær, verði skráningarskyld og háð leyfi, eggin séu nýtt og þá til einkanota, reglur verði settar varðandi tímamörk o.fl. og að eggjatakan valdi ekki mikilli truflun. Þá verður að vera heimild í lögum til að friða stofna fyrir eggjatöku leiki vafi á að eggjatakan sé sjálfbær. Ekki skal heimila eggjatöku hjá súlu, dílaskarfi, toppskarfi, skúm, teistu, lunda, hrafn og kjóa. (sjá 8.2)</p>
<p>Í varpi kríu, silfur máfs, hvít máfs og hettumáfs skal heimilt að taka egg þessara fugla en þó aldrei eftir 15. júní ár hvert</p>	
<p>Á takmörkuðum svæðum, þar sem eggja- eða ungataka súlu, dílaskarfs, toppskarfs, fýls, skúms, hvít máfs, ritu, álku, langvíu, stuttnefju, teistu og lunda telst til hefðbundinna hlunninda, skulu friðunarákvæði laga þessara ekki vera til fyrirstöðu því að nytja megir þau hlunnindi eftirleiðis.</p>	<p>Veiðar á ófleygum ungum verði óheimilar. Álitamál er hvort veiðar á fýlsungum falli undir hlunnindaákvæði laganna og teljist vera veiðar á ófleygum ungum. Jafnframt er ólíklegt að slíkar veiðar hafi einhverja fjárhagslega þýðingu fyrir þá sem nýta fýl í skjóli hlunnindaákvæða villidýralaganna. Skýrt bann við að ryðja fuglabjörg þarf að vera í lögum (sjá 8.2).</p>
<p>Á takmörkuðum svæðum, þar sem veiði fullvaxinna lunda, álku, langvíu og stuttnefju í háf telst til hlunninda, skulu friðunarákvæði laga þessara ekki vera til fyrirstöðu því að nytja megir þau hlunnindi eftirleiðis. Veiðar þessar hefjist ekki fyrr en 1. júlí og ljúki eigi síðar en 15. ágúst.</p>	<p>Áfram verði heimilt að veiða lunda í háf en ekki aðrar tegundir svartfugla (sjá 8.2)</p>
<p>Á takmörkuðum svæðum, þar sem andarvarp er mikið, skal veiðirétt hafa heimilt að taka egg frá eftirtöldum andartegundum: æðarfugli, stokkönd, rauðhöfðaönd, urtönd, duggönd, skúfönd, hávellu, húsönd og toppönd. Við slíka eggjatöku skulu ávallt skilin eftir minnst fjögur egg í hverju hreiðri. Heimilt er og að taka grágæsar- og heiðagæsaregg, en þá skulu eigi færri en tvö egg skilin eftir í hreiðri. Andaregg og heiðagæsaregg, sem tekin eru samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar, má hvorki bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf.</p>	<p>Sölubann verði á öllum eggjum sem tekin eru skv. þessari grein, sjá einnig almennar aths. við eggjatöku hér að ofan og aths. við 17. gr.</p>
<p>Telji eigandi veiðiréttar sig hafa heimild til nýtingar hlunninda skv. 4. eða 5. mgr. skal hann afla staðfestingar viðkomandi sveitarstjórnar og sýslumanns á rétti sínum. Neiti þessir aðilar að staðfesta heimild veiðirétt hafa sker [ráðherra]³⁾ úr þeim ágreiningi.</p>	<p>Setja þarf ákvæði um hvað teljist hefðbundnar nytja og þá miða við að þær nytjar hafi verið hafnar fyrir gildistöku núgildandi laga enda áttu allir sem töldu sig hafa rétt á slíkum nytjum að hafa aflað sér hlunnindakorts því til staðfestingar (sjá 8.3)</p>
<p>¹⁾L. 94/2004, 10. gr. ²⁾L. 36/2005, 4. gr. ³⁾L. 126/2011, 189. gr. ⁴⁾Rg. 252/1996.</p>	

[IX. kafli.]¹⁾ Refsiákvæði og réttarfar.	
1)L. 94/2004, 10. gr.	
[21. gr.]¹⁾ Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum [eða fangelsi allt að 2 árum] ²⁾ og sviptingu skotvopna- og veiðileyfis. Virða skal það refsingu til þyngingar ef um sjaldgæfar eða fágætar fuglategundir er að ræða, sbr. 7. gr. Sama gildir um æðarfugl og æðaregg, svo og stórfeldar ólögmetar fuglaveiðar og spjöll á friðlýstum varpstöðvum.	Skerpa þarf og herða refsíákvæði og beita skilvirkum refsingum. Skilyrðislaust ætti að gera upptækt veiðifang, veiðitæki og annan búnað sem notaður var við brotið. Einnig ætti að svipta viðkomandi veiðikorti og skylda sakborning til að þreyta veiðipróf að nýju, þar sem slíkt á við (sjá 12. kafla)
[Gera má löggaðila sekt fyrir brot gegn 17. gr. a. Um refsíabyrgðina fer eftir II. kafla A almennra hegningarlaga.] ³⁾	Óbreytt
Tilraun til brota gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru á grundvelli þeirra, varða refsingu sem fullframið brot, sbr. III. kafla almennra hegningarlaga. Hið sama gildir um hlutdeild í brotum.	Óbreytt
Gera má upptækt til ríkissjóðs: Ólöglegt veiðifang, egg eða eggjaskurn, veiðitæki og annan búnað sem notaður hefur verið við framkvæmd brots, [veiðifang sem boðið er til sölu eða selt í bága við sölubann skv. 17. gr. a], ³⁾ svo og hagnað af ólöglegri veiði og sölu framangreindra verðmæta. Ekki er það upptöku til fyrirstöðu þótt annar sé eigandi veiðitækis eða annars sem upptaka er heimil á en sá sem sekur hefur reynst um brot á lögum þessum eða reglum settum á grundvelli þeirra. Að öðru leyti skal fara um eignaupptöku samkvæmt ákvæðum 69. gr. laga nr. 19/1940.	Óbreytt
¹⁾ L. 94/2004, 10. gr. ²⁾ L. 82/1998, 214. gr. ³⁾ L. 36/2005, 5. gr.	
[22. gr.]¹⁾ ...²⁾	
¹⁾ L. 94/2004, 10. gr. ²⁾ L. 88/2008, 233. gr.	
[X. kafli.]¹⁾ Almenn ákvæði, gildistaka og brottfallin lög.	
1)L. 94/2004, 10. gr.	
[23. gr.]¹⁾ Reglugerðir, og aðrar stjórnvaldsaðgerðir um spendýrastofna og fugla, sem settar hafa verið fyrir gildistöku þessara laga, halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þær brjóta ekki í bága við þau uns nýjar reglur hafa verið settar.	Óbreytt
Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1994. ...	
1)L. 94/2004, 10. gr.	

(Ákvæði um villinga)	Lögin ættu að ná til villinga og meginreglur varðandi veiðar að gilda um þá. Aðgerðir til að koma í veg fyrir tjón, fækka eða útrýma villingum ættu ýmist að vera á ábyrgð sveitarfélaga, eða ríkisvalds, eftir því hvaða tegundir um ræðir. Sveitarfélögum ætti að vera heimilt að banna fóðrun villinga. Í lögum ættu að vera ákvæði um að ríkisvaldið geti gripið til aðgerða í því skyni að útrýma villingum svæðisbundið eða á landsvísu (sjá 8.3)
(Ákvæði um varnir gegn tjóni á villtum dýrum af völdum gæludýra og húsdýra)	Nauðsynlegt er að skýr ákvæði séu í lögum um varnir gegn tjóni á villtum dýrum af völdum gælu- og húsdýr. Sveitarfélög hafa heimildir í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir til að setja samþykktir um gæludýrahald og hafa mörg þeirra notfært sér þá heimild. Í sumum samþykktum eru ákvæði er lúta að truflun á villtu dýralífi en að mati nefndarinnar þarf að skerpa þessi ákvæði og tryggja lagastoð þeirra. Nefndin telur eðlilegt að samþykktirnar fái stöð í villidýralögum. Sveitarfélög hafa í lögum um búfjárhald heimildir til að takmarka ágang búfjár á svæði innan marka þeirra, en ekki virðist vera að finna neinar beinar reglur eða aðgerðir hér á landi til varnar villtum dýrum gegn beit, troðningi eða afráni af völdum búfjár. Nefndin telur mikilvægt að úr þessu verði bætt (sjá 6.5)
(Ákvæði um lagalega vernd villtra dýra gegn veiðum í fiskinet o.fl.)	Tryggja þarf lagalega vernd fugla og sjávarspendýra gegn veiðum í fiskinet. Það felur í sér að sjávarútveginum ætti að vera skylt samkvæmt lögum að beita veiðiaðferðum sem lágmarki meðafla. Nánari útfærslu á aðgerðum mætti setja í reglugerð. Nefndin tekur ekki afstöðu til þess hvort lagaákvæði sem taka til þessara þátta skuli setja í ný villidýralög, í lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, lög um umgengni um nytjastofna sjávar eða önnur lög (sjá 6.6)
(Leyfi ferðapjónustuaðila til að sýna villt dýr)	Nefndin leggur til að ferðapjónustuaðilar sem sýna villt dýr þurfi sérstakt leyfi. Skilyrði fyrir leyfinu yrðu að viðkomandi hefði setið námskeið þar sem m.a. væri kennd umgengni við villt dýr og hvers konar truflun geti haft áhrif á lífslíkur eða æxlunarárangur. Eðlilegt væri að Umhverfisstofnun, í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands eða aðra viðeigandi stofnun sem hefur sérþekkingu á dýrategundinni sem um ræðir, stæði fyrir útgáfu slíkra leyfa ásamt viðeigandi fræðslu. Ef ákveðið verði að greiða skuli fyrir slík leyfi, telur nefndin eðlilegt að hluti þeirrar upphæðar færi til rannsókna á áhrifum ferðamennsku á villtum dýrum (sjá kafla 6.6)
(Ákvæði til verndar villtum dýrum fyrir umferð)	Á sumum stöðum á landinu er nauðsynlegt að grípa til aðgerða til að vernda fuglalíf fyrir ákeyrslu og ættu slíkar aðgerðir að hafa stöð í villidýralögum (sjá 6.7)

<p>(Ákvæði um verndun búsvæða villtra dýra fyrir umferð báta)</p>	<p>Nefndin telur mikilvægt að settar verði reglur varðandi umferð báta nálægt mikilvægum búsvæðum villtra dýra. Ættu reglurnar að hafa stoð í villidýralögnum en hægt væri að útfæra þær nánar í reglugerð. Reglurnar ættu að fela í sér hraða-, fjarlægðar-, tíma- og hávaðamörk nálægt t.d. varpsvæðum fugla og selalátrum sem og ákvæði um tíðni ferða, en væntanlega þyrfti að útfæra þær nánar m.t.t. staðhátta eftir því sem við á (sjá 6.7)</p>
--	--